

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 2367/2002/EB

frá 16. desember 2002

um hagskýrsluáætlun Bandalagsins 2003 til 2007

(Texti sem varðar EES)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur Bandalagsins ⁽⁴⁾ ber að koma á fót hagskýrsluáætlun Bandalagsins.
- 2) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 eru settar fram meginreglur um hagskýrslugerð Bandalagsins og gilda ákvæði hennar um þessa ákvörðun.
- 3) Efnahags- og myntbandalagið gerir miklar kröfur um að unnar séu hagskýrslur um peningamál, greiðsluöfnuð og fjármál fyrir Bandalagið.
- 4) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 322/97 verður Bandalagið að hafa aðgang tímanlega að tölulegum upplýsingum, sem eru samanburðarhæfar milli aðildarríkjanna, uppfærðar, áreiðanlegar, viðeigandi og unnar á eins skilvirkan hátt og unnt er, til að geta mótað, framkvæmt, haft eftirlit með og metið stefnur sínar.
- 5) Forsenda þess að unnt sé að framkvæma stefnur Bandalagsins er oft að fyrir hendi séu uppfærðar, samanburðarhæfar og vel unnar hagskýrslur.
- 6) Til að tryggja samkvæmni og samanburðarhæfi tölulegra upplýsinga í Bandalaginu er nauðsynlegt að koma á fót fimm ára hagskýrsluáætlun Bandalagsins

þar sem ákveðnar eru aðferðir, meginsvið og markmið aðgerða sem fyrirhugaðar eru með tilliti til þessara forgangsaðriða.

- 7) Í þessu skyni skulu yfirvöld Bandalagsins sjá til þess að hagskýrslur séu sambærilegar og vandaðar.
- 8) Hin sérstaka aðferð, sem beitt er við hagskýrslugerð Bandalagsins, krefst afar náinnar samvinnu innan hagskýrslukerfisins sem verið er að þróa í Bandalaginu fyrir tilstilli hagskýrsluáætlunarnefndarinnar, sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE ⁽⁵⁾, að því er varðar aðlögun kerfisins, einkum með innleiðingu löggæringa sem nauðsynlegir eru til að gera áður nefndar hagskýrslur. Taka ber tillit til fyrirhafnar svarenda, hvort sem um er að ræða fyrirtæki, heimili eða einstaklinga.
- 9) Hagskýrslugerð Bandalagsins innan lagaramma fimm ára áætlunarinnar er á ábyrgð innlendra yfirvalda á innlendum vettvangi en Bandalagsyfirvalds (Hagstofu Evrópubandalaganna, Eurostat) á vettvangi Bandalagsins.
- 10) Þörf er á nánu, samræmdu og samstilltu samstarfi milli Hagstofu Evrópubandalaganna (Eurostat) og innlendra yfirvalda til að þessu markmiði verði náð.
- 11) Í þessu skyni skal Hagstofa Evrópubandalaganna sjá um að ólík innlend yfirvöld séu samræmd í net sem myndar evrópska hagskýrslukerfið (ESS) til að tryggja að hagskýrslur liggja tímanlega fyrir og þjóni stefnumiðaðri hagskýrsluþörf Evrópusambandsins.
- 12) Framkvæmdastjórnin getur falið Evrópska hagskýrslukerfinu ítarlegar framkvæmdarráðstafanir varðandi einstakar hagskýrsluáðgerðir og skal setja þau markmið og ákveða þær ráðstafanir sem þetta varða.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 75 E, 26.3.2002, bls. 274.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 125, 27.5.2002, bls. 17.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 25. apríl 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 30. september 2002 (Stjtið. EB C 275 E, 12.11.2002, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 20. nóvember 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 52, 22.2.1997, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

- 13) Auk þess er framkvæmdastjórninni falið að inna af hendi tiltekin framkvæmdar- eða útfærsluverkefni við framkvæmd þessarar áætlunar, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 322/97, eins og þau eru skilgreind í gerðum sem varða einstakar hagskýrsluáðgerðir.
- 14) Huga má að því hvort unnt væri að fela t.a.m. sérhæfðum framkvæmdaraðila einhver þessara verkefna sem um þessar mundir eru framkvæmd á vettvangi framkvæmdastjórnarinnar.
- 15) Sundurliðun upplýsinga eftir kyni er mikilvæg á tilteknum sviðum sem falla undir mismunandi málaflokka Bandalagsins.
- 16) Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um fjárhagsramma sem gildir meðan áætlunin varir og er helsta viðmiðun fjárveitingavaldsins við árlega fjárlagagerð í skilningi 33. liðar samstarfssamnings frá 6. maí 1999 milli stofnana Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um eftirlit með fjárlögum og endurbætur á afgreiðslu fjárlaga ⁽¹⁾.
- 17) Viðmiðunarreglur um að koma þessari áætlun á fót, í samræmi við 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 322/97, hafa verið lagðar fyrir hagskýrsluáætlunarnefndina, evrópsku ráðgjafarnefndina um hagskýrslugerð á sviði efnahags- og félagsmála, sem stofnuð var með ákvörðun ráðsins 91/116/EBE ⁽²⁾, og hagskýrslunefndina um peningamál, fjármál og greiðsluöfnun sem stofnuð var með ákvörðun ráðsins 91/115/EBE ⁽³⁾.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Hagskýrsluáætluninni komið á fót

Hagskýrsluáætlun Bandalagsins fyrir tímabilið 2003 til 2007 (hér á eftir kölluð „áætlunin“) er hér með komið á fót. Áætlunin fylgir með í viðaukunum.

Í I. viðauka eru skilgreindar aðferðir, meginsvið og markmið aðgerða sem fyrirhugaðar eru á tímabilinu og þar er einnig að finna samantekt yfir hagskýrsluþörf Evrópusambandsins með hliðsjón af stefnumiðaðri hagskýrsluþörf þess. Þessi þörf er sundurliðuð eftir bálkum sáttmálans.

Í II. viðauka er að finna samantekt yfir starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna.

2. gr.

Markmið og forgangsröðun við stefnumótun

Með tilliti til tiltæks fjármagns yfirvalda aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar skal þessi áætlun taka mið af forgangsröðun við stefnumótun Bandalagsins að því er varðar:

- Efnahags- og myntbandalagið,
- stækkun Evrópusambandsins,

— samkeppnisgetu, sjálfbæra þróun og framkvæmdaáætlunina um félagsmál.

Hún skal auk þess að tryggja að sá hagskýrslugrundvöllur, sem fyrir er, verði áfram til fyrir ákvarðanir innan núverandi málaflokka og fullnægi viðbótarþörf fyrir hagskýrslur sem nýtt stefnumótandi frumkvæði Bandalagsins kann að hafa í för með sér. Hún skal hafa hliðsjón af þörfinni fyrir stöðuga endurskoðun forgangsröðunar í hagskýrslugerð og nauðsyn hagskýrslugerðar með það í huga að nýta sem best tiltækt fjármagn og halda fyrirhöfn svarenda í lágmarki.

Enn fremur skal framkvæmdastjórnin sjá til þess að hagskýrslur séu samanburðarhæfar og vel unnar.

3. gr.

Fjármögnun

Fjárhagsramminn til að hringa þessari áætlun í framkvæmd á tímabilinu 2003 til 2007 skal vera 192 500 000 evrur.

Fyrir tímabilið 2003 til 2006 eru ætlaðar 50 727 000 evrur. Fyrir árið 2007 eru ætlaðar 41 773 000. Fjárhæðin 41 773 000 evrur telst staðfest ef hún samrýmist fjárhagsáætlun fyrir tímabilið sem hefst 2007.

Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitingarvaldsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlanna.

4. gr.

Skýrslur

Á þriðja framkvæmdarári áætlunarinnar skal framkvæmdastjórnin gera áfangaskýrslu um framvindu hennar og leggja fyrir hagskýrsluáætlunarnefndina.

Í lok tímabilsins, sem áætlunin tekur til, skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við hagskýrsluáætlunarnefndina, leggja fram viðeigandi matsskýrslu um framkvæmd áætlunarinnar að teknu tilliti til álits óháðra sérfræðinga. Ljúka skal við skýrsluna fyrir lok 2008 og leggja hana fyrir Evrópuþingið og ráðið í framhaldi af því.

5. gr.

Gildistaka

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 172, 18.6.1999, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 59, 6.3.1991, bls. 21. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun tæðsins 97/255/EB (Stjtið. EB L 102, 19.4.1997, bls. 32).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 59, 6.3.1991, bls. 19. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun ráðsins 96/174/EB (Stjtið. EB L 51, 1.3.1996, bls. 48).

6. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. desember 2002.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. FISCHER BOEL

forseti.

—

I. VIÐAUKI

FIMM ÁRA HAGSKÝRSLUÁÆTLUN: AÐFERÐIR

INNGANGUR

1. Mikilvægi tölulegra upplýsinga fyrir mótun stefnu Evrópusambandsins

Stofnanir og borgarar Evrópusambandsins verða að geta metið á grundvelli staðreynda þörfina á stefnumótandi frumkvæði í Evrópu og framvindu þess. Vandaðar tölulegar upplýsingar skipta höfuðmáli við að uppfylla þessa þörf. Meginhlutverk Hagstofu Evrópubandalaganna er að taka saman og miðla í tæka tíð viðeigandi upplýsingum sem ná yfir breitt svið félags-, efnahags- og umhverfismála til að byggja á núverandi stefnu og framtíðarstefnu ESB. Í rafrænni Evrópu, sem er í stöðugri þróun, verða tölulegar upplýsingar að vera tiltækar á því formi þegar notandi þarf á þeim að halda. Því þarf, á áætlunartímabilinu, að gera frekara átak til að tryggja að borgararnir hafi aðgang að auknum grunnupplýsingum um þróun efnahags-, félags- og umhverfismála í ESB. Þróa þarf nánar skipulag og áætlanir evrópska hagskýrslukerfisins til að tryggja að með kerfinu í heild sé nauðsynlegum gæðum og skilvirkni viðhaldið og það þróað til unnt sé að koma fullnægja þörfum allra notenda.

Uppbygging viðaukans

Í þessum viðauka er lögð megináhersla á stefnumótandi þætti starfsáætlunarinnar og sett fram samantekt yfir hagskýrsluþörf Evrópusambandsins með hliðsjón af stefnumiðaðri hagskýrsluþörf þess. Þessar þarfir eru flokkaðar eftir bálkum sáttmálans um stofnun Evrópubandalagsins.

Fyrir hvern af þessum bálkum er að finna í viðaukanum:

- meginstefnumið í varðandi þá vinnu við hagskýrslugerð sem fara á fram á þessu fimm ára tímabili innan hvers málaflokks og þær sértæku aðgerðaráætlanir sem fyrirhugaðar eru, þ.m.t. fyrirhugaðir lagageringar,
- þau vinnusvið í hagskýrslugerð sem mynda grundvöll fyrir stefnuna í viðkomandi bálki samkvæmt starfssviðum hagskýrslugerðar eins og þau eru skilgreind innan ramma verkgrundaðrar stjórnunar.

2. Framkvæmdaáætlanir

a) *Markmið*

Markmiðin, sem mælt er fyrir um í framkvæmdaáætlun Hagstofu Evrópubandalaganna (Eurostat Corporate Plan), renna stöðum undir framkvæmd starfsáætlunarinnar sem skal unnin með tilliti til grundvallarreglunnar um kostnaðarhagkvæmni sem sett er í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 322/97. Þessi markmið eru:

- að Hagstofa Evrópubandalaganna þjóni framkvæmdastjórninni,
- að Hagstofa Evrópubandalaganna þjóni öðrum Evrópustofnunum og öðrum notendum,
- að stuðla að viðhaldi og þróun evrópska hagskýrslukerfisins,
- að efla áhuga og ánægju starfsfólks,
- að auka gæði framleiðsluvara sinna og þjónustu,
- að auka innri framleiðni.

b) *Gerð hagskýrslna*

Hagstofa Evrópubandalaganna mun, í samvinnu við samstarfsaðila sína innan evrópska hagskýrslukerfisins, koma á fót framleiðsluferli sem tryggir að evrópskar hagskýrslur nái því gæðastigi sem krafist er til að framfylgja stefnu Evrópusambandsins. Einkum verður lögð áhersla á hagskýrslur fyrir evrusvæðið.

Hagstofa Evrópubandalaganna og samstarfsaðilar hennar innan evrópska hagskýrslukerfisins munu annast stöðuga endurskoðun á tölulegum upplýsingum frá ESB og aðildarríkjum þess til að tryggja að þær uppfylli bæði raunverulega þörf ESB og aðildarríkjanna og að þessar tvær hliðar séu að öllu leyti samþættar.

c) *Skilvirkni framkvæmdar*

Framkvæmdastjórnin mun áfram meta vinnuaðferðir sínar til að tryggja að fjármagn sé nýtt sem best. Reynst getur hentugt að fela framkvæmdastofnun framkvæmd og eftirfylgni tiltekinna verkefna á sviði hagskýrslna. Áður en slíkri framkvæmdastofnun er komið á fót skal fara fram ítarleg greining í samræmi við ákvæði ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um slíkar stofnanir. Hagskýrsluáætlunarnefndin mun hafa samráð við samstarfsaðila innan evrópska hagskýrslukerfisins og fá allar upplýsingar um þetta ferli.

d) *Fjárhagsleg framkvæmd áætlunarinnar*

Fjárveitingar til vinnslu tölulegra upplýsinga samkvæmt þessari áætlun eru háðar árlegri fjárlagagerð með fyrirvara um fjárveitingar samkvæmt öðrum lagageringum. Fjármagnið skal nota:

- til hagskýrslugerðar eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 322/97, þ.m.t. þróun og viðhald kerfa um tölulegar upplýsingar og tengdra, nauðsynlegra grunnvirkja,
- í styrki til samstarfsaðila innan evrópska hagskýrslukerfisins (Hagstofa Evrópubandalaganna fyrirhugar að gera rannsóknir við slíka samstarfsaðila),
- til tækni- og stjórnsýsluástoðar svo og til annarra stuðningsráðstafana.

3. **Forgangsröðun**

Forgangsröðun í vinnu við hagskýrslugerð miðast við fjóra ólíka flokka starfsemi.

a) *Hagskýrsluþörf vegna stefnu Bandalagsins*

Framkvæmdastjórnin hefur skilgreint áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar innan helstu málaflokka Bandalagsins hverju sinni og má taka hana saman á eftirfarandi hátt:

- Efnahags- og myntbandalagið: allar nauðsynlegar hagskýrslur vegna III. áfanga Efnahags- og myntbandalagsins og vegna samnings um stöðugleika og vöxt,
- Stækkun ESB: þ.m.t. þau svið hagvísu sem mikilvægastir eru fyrir aðildarviðræður og aðlögun umsóknarlanda að evrópska hagskýrslukerfinu,
- samkeppnisgeta, sjálfbær þróun og framkvæmdaáætlunin um félagsmál: einkum hagskýrslur um vinnumarkaðinn, umhverfi, þjónustu, lífsskilyrði, fólksflutninga og rafræna Evrópu,
- opin samræming: að fyrir hendi séu vísar og tengdar hagskýrslur sem byggja á bættum aðferðum og samhæfðum gögnum í samræmi við umboð frá leiðtogaráðinu.

b) *Helstu verkefni*

Hér er um að ræða grundvallarstarfssvið sem eru nauðsynleg til að tryggja starfsemi kerfisins. Þau munu heyra undir formlega aðferð verkefnastjórnunar sem hér segir:

- Vinna við grunnvirki

Styrking á starfsemi Evrópska hagskýrslukerfisins í efltri og stækkaðri Evrópu. Komið verður á ýmsum leiðum til að efla samstarf milli innlendra hagstofa og Hagstofu Evrópubandalaganna. Þær munu aðallega byggjast á gagnaskiptum milli innlendra hagskýrsluyfirvalda, sérhæfingu aðildarríkja á tilteknum sviðum og sveigjanleika í framkvæmd hagskýrslukannana til að fullnægja þörfum Evrópusambandsins og aðildarríkjanna.

Þróun kerfis þar sem unnt er að bregðast við breytilegri stefnumiðaðri hagskýrsluþörf og jafnframt er stuðlað að skoðanaskiptum milli tölfræðinga og stefnumótenda til að tryggja sveigjanleika varðandi svörum og mikilvægi afraksturs hagskýrslugerðar.

Þróun tæknilegra grunnvirkja á vettvangi framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna mun miða að því að tryggja aukna framleiðni, draga úr fyrirhöfn svarenda og veita notendum greiðari aðgang að tölulegum upplýsingum.

Þátttaka Hagstofu Evrópubandalaganna í framtaksverkefnum um rafræna framkvæmdastjórn og rafræna Evrópu, svo og aðgangur evrópska hagskýrslukerfisins að rannsóknar- og þróunaráætlunum og áætluninni um gagnaskipti milli stjórnsýslustofnana (IDA) mun tryggja samstarf og samvirkni í aðgerðum Bandalagsins og aðildarríkjanna.

Náð samstarf milli opinberra og fræðilegra tölfræðinga er gæðatrygging og vísindalegur grundvöllur fyrir hagskýrslur Bandalagsins.

- Sérstök verkefni

Hagskýrslur um hið nýja hagkerfi, þ.m.t. svið eins og upplýsingasamfélagið og nýsköpun.

Hagskýrslur um rannsóknir og þróun, þ.m.t. setning viðmiðana fyrir stefnur aðildarríkjanna í rannsóknnum og tækniþróun (RTD).

Skammtímahagskýrslur

Vísar til að styðja stefnur sem miða að sjálfbærri þróun.

Vísar um félagslega útskýfun og fátækt.

c) *Hagskýrslur til stuðnings við núverandi stefnur*

Hér er um að ræða áframhaldandi vinnu við hagskýrslugerð til stuðnings við stefnu Bandalagsins í málaflokkum sem þegar eru fyrir hendi, s.s. í landbúnaði, svæðastefnu og utanríkisverslun.

d) *Önnur svið*

Til að framkvæma stefnu Bandalagsins þarf einnig að safna tölulegum gögnum á öðrum sviðum sem ekki er fjallað um hér að framan.

Almennt hefur Hagstofa Evrópubandalaganna ásamt aðildarríkjunum, innan hagskýrsluáætlunarnefndar og hagskýrslunefndar um peningamál, fjármál og greiðslujöfnuð (CMFB), ákveðið hversu umfangsmikil og ítarleg gögnin skulu vera sem er safnað vegna starfsemi innan þessa forgangsramma. Það er samkvæmt reglum sem eru skilgreindar í reglugerð ráðsins um hagskýrslur Bandalagsins og í samræmi við samþykktar meginreglur fyrir slíkar ákvarðanir varðandi vinnustjórnun.

4. **Dreifraði**

Lagaramminn í þessu tilviki samanstendur af:

1. Ákvörðun 89/382/EBE, KBE um að koma á fót hagskýrsluáætlunarnefnd Evrópubandalaganna
2. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97
3. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/281/EB frá 21. apríl 1997 um hlutverk Hagstofu Evrópubandalaganna í hagskýrslugerð Bandalagsins ⁽¹⁾.

Hagstofa Evrópubandalaganna ber ábyrgð á að tryggja skil á hagskýrslum Bandalagsins vegna stefnu ESB. Hagstofa Evrópubandalaganna getur einungis leyst þetta verkefni af hendi í samráði við hagskýrsluyfirvöld í aðildarríkjunum. Starfsemin byggist því alltaf á meginreglunni um dreifraði. Þetta felur í sér samstarf við fjölda stofnana en þó aðallega innlendar hagstofur aðildarríkja ESB.

5. **Jafnvægi milli hagskýrsluþarfar og fjármagns**

Innan evrópska hagskýrslukerfisins skal fylgjast af árvekni með því að jafnvægi haldist milli þarfarinnar á upplýsingum vegna stefnu Bandalagsins og þess fjármagns sem þarf til að láta í té upplýsingarnar, bæði á vettvangi ESB og á lands- og svæðisvísu. Einkum er mikilvægt að nægilegt fjármagn fái á landsvísu til að uppfylla megi kröfur um tölulegar upplýsingar vegna stefnumótandi ákvarðana ESB. Hins vegar er einnig mikilvægt að viðhalda nægilegum sveigjanleika til að innlend yfirvöld geti uppfyllt þörf Bandalagsins fyrir tölulegar upplýsingar á sem kostnaðarhagkvæmasta hátt.

Til að styðja við áætlun um jafnvæga forgangsroðun skal, í árlega áætlunarferlinu, felast stöðug endurskoðun á því hvort áfram sé þörf fyrir fyrirbyggjandi hagskýrslur Bandalagsins, og tilgreint hverjar megi stytta eða fella niður. Þetta skal fara fram í náinni samvinnu við helstu notendur hagskýrslna og er mikilvægur þáttur þegar hafin eru ný framtaksværfni á sviði hagskýrslna.

Í þessum viðauka er hagskýrsluþörf vegna stefnu Bandalagsins skilgreind í heild. Hinum ýmsu þáttum vinnu við hagskýrslugerð er forgangsraðað, með hliðsjón af heildarfjármagnsstýringu, í samræmi við þann ramma sem er lýst hér að framan.

FIMM ÁRA HAGSKÝRSLUÁÆTLUN: MARKMIÐ OG AÐGERÐIR

STÆKKUN EVRÓPUSAMBANDSINS

Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar

Gert er ráð fyrir að samningaviðræðum um aðild ljúki með gerð aðildarsáttmála fyrir mörg umsóknarlandanna á gildistíma áætlunarinnar fyrir tímabilið 2003 til 2007. Til að geta fylgt eftir og hugsanlega lokið viðræðunum verður framkvæmdastjórnin að geta leitað í heildstætt safn áreiðanlegra hagskýrslna sem eru unnar með sömu aðferðafræði og hagskýrslur í löndum Evrópusambandsins. Sambandið mun þá standa frammi fyrir tveimur nokkuð ólíkum viðfangsefnum:

- að fella hugsanlega nýja aðila inn í öll kerfi Bandalagsins, þ.m.t. fjárhagsáætlanir með eigin fjármagni og þróunarsjóðir og öll önnur mál og áætlanir,
- að halda áfram undirbúningi hinna umsóknarlandanna og aðstoða þau við að uppfylla að fullu ákvæði gildandi laga Bandalagsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 112, 29.4.1997, bls. 56.

Í hvorugu tilvikinu skal vanmeta þær ströngu kröfur sem gerðar eru um hagskýrslugerð umsóknarlandanna sem Hagstofa Evrópubandalaganna sannreynir og miðlar. Grunnhagskýrslur um efnahag eru að sjálfsögðu ómissandi, þ.m.t. skipting vergrar þjóðarframleiðslu eftir atvinnuvegum og svæðum, mannfjöldi og atvinna. Önnur mikilvæg svið eru þau sem nota má til að meta framkvæmd eins óskipts markaðar, þ.e.a.s. starfsemi sem hefur áhrif yfir landamæri, s.s. vöruviðskipti, þjónustuviðskipti og staðfesturéttur, greiðslujöfnuður, fjármagnsstreymi, hreyfanleiki fólks (farandlaunþegar, fólksflutningar, umsækjendur um hæli o.s.frv.), iðnframleiðsla og uppbygging iðnaðar með tilliti til bolmagns o.s.frv. Hagskýrslugerð þarf almennt að styðja við viðkomandi stefnu ESB, þ.m.t. kröfur í tengslum við myntbandalagið. Auk þess er þörf á hagskýrslum innan geira, sem eru viðkvæmir í sambandi við samningaviðræður, til að styðja við stefnu ESB í helstu málaflokkum þess, s.s. landbúnaði, flutningum, svæða- og umhverfismálum.

Samantekt

Á fimm ára tímabilinu mun vinnan einkum beinast að því að:

- styrkja söfnun samræmdra gagna vegna samningaviðræðna og til nota innan ESB,
- aðstoða áfram umsóknarlönd og nýja aðila við að bæta hagskýrslukerfi sitt til að uppfylla kröfur Bandalagsins, m.a. með skjótri upplýsingagjöf um nýja Bandalagslöggjöf.

I. BÁLKUR

Frjálsir vöruflutningar

Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar

Þegar einn óskiptur markaður gekk í gildi árið 1993 var tekið upp kerfi til tölfræðilegra mælinga á vöruviðskiptum milli aðildarríkjanna (Intrastat) og einnig var dregið úr fyrirhöfn upplýsingaveitenda, þannig var komið á meira viðeigandi hátt til móts við þarfir Efnahags- og myntbandalagsins. Hins vegar hefur, með tilliti til óska innlendra yfirvalda og fjölda faglegra samtaka, einungis verið dregið úr fyrirhöfn að því er marki að viðhalda megi nákvæmu hagskýrslukerfi um viðskipti innan Bandalagsins sem samrýmist hagskýrslum um viðskipti við lönd utan Bandalagsins.

Í samræmi við skipulagsáætlunina sem Hagstofa Evrópubandalaganna og aðildarríkin samþykktu árið 1999 verða nýjar breytingar á kerfinu kannaðar og prófaðar áður en umbætur verða gerðar á löggjöfinni. Með nýja kerfinu skal því lögð sérstök áhersla á að niðurstöður uppfylli þarfir Bandalagsins og séu í samræmi við strangar gæðakröfur að því er varðar umfang, áreiðanleika og tiltækileika. Skilgreina skal innihald niðurstaðnanna þannig að þær einfaldi núverandi kröfur jafnframt því að taka tillit til þess hvernig þarfirnar þróast eftir því sem samruna Evrópu vindur fram. Einnig verður gripið til aðgerða til að auka áreiðanleika hagskýrslna um inn- og útflutningsverð til að unnt verði að mæla innri samkeppnishæfni framleiðsluvara Sambandsins á skilvirkari hátt.

Samhliða þessu munu mögulegar afleiðingar þess að skipta yfir í sameiginlegt virðisaukaskattkerfi verða greindar með því að meta uppsprettu stjórnsýslulegra eða tölulegra upplýsinga, sem unnt er að nota sem viðmið, þar sem megináhersla er lögð á að viðhalda tengslum við virðisaukaskattkerfið og notkun almennrar fyrirtækjaskráar.

Samantekt

Við lok fimm ára áætlunarinnar mun framkvæmdastjórnin hafa aðlagð og bætt kerfi til tölfræðilegrar mælingar á vöruviðskiptum milli aðildarríkjanna og við þriðju lönd með tilliti til þróunar á upplýsingaþörf og til efnahags- og stjórnsýsluumhverfisins.

Stefnumiðuð hagskýrsluþörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna

Bálfur sáttmálans	Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna
I. BÁLKUR FRJÁLSIR VÖRUFLUTNINGAR	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	53 Vöruviðskipti 44 Hagskýrslur um atvinnustarfsemi fyrirtækja
Önnur mikilvæg viðbótarstarfssvið	45 Orka 48 Flutningar 64 Jarðrækt 65 Búfjárrækt 66 Hagskýrslur um iðnað tengdan landbúnaði

II. BÁLKUR

Landbúnaður

Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar

Landbúnaður

Nær helmingur af fjárlögum Bandalagsins rennur til útgjalda vegna hinnar sameiginlegu landbúnaðarstefnu (CAP). Framkvæmdastjórnin gegnir því mikilvægu hlutverki í sambandi við sameiginlegu landbúnaðarstefnuna, þ.m.t. hið hefðbundna hlutverk er snýr að því að móta, hafa eftirlit með, meta og aðlaga stefnuna. Framkvæmdastjórninni hefur verið falið viðtækt umboð til daglegrar stjórnunar. Á fimm ára tímabilinu frá 2003 til 2007 verður, eins og í áætluninni fyrir árin 1998 til 2002, lögð megináhersla á að nota þetta stóra safn hagskýrsla og að halda því við eins og nauðsynlegt er. Sérstakri athygli verður áfram beint að umhverfispættinum með þróun nauðsynlegra hagskýrsla til greiningar á innri tengslum landbúnaðar og umhverfis, þ.m.t. með því að bæta hagskýrslur um notkun tilbúins áburðar og varnarefna, um lífrænan búskap og aðgerðir til að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni og búsetu á landsbyggðinni.

Innan stjórnunarramma tæknilegu aðgerðaáætlunarinnar til að bæta landbúnaðarhagskýrslur (Tapas) fæst sameiginleg og gagnsæ aðferð til að bæta jafnt og þétt nýtingu tiltæks fjármagns aðildarríkjanna og Bandalagsins til að gera landbúnaðarhagskýrslur. Hagskýrslurnar, sem verða gerðar, verða notaðar í auknum mæli (t.d. til gerðar reiknilíkana og aðildarríkin og Evrópustofnanir fá beinan aðgang að þeim).

Ráðist verður í tvö verkefni með framtíðarsýn. Landbúnaðarhagskýrslur verða settar fram á þann hátt að þær uppfylli þarfr sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar sjö til tíu ár fram í tímann, með tilliti til þess hvernig stefnan getur tekið breytingum sem verða árangurinn af „Framkvæmdaáætlun 2000“. Vinna með gögn um umhverfismál í landbúnaði verður þróuð frekar. Einkum mun vinnu með vísa fyrir samþættingu umhverfissjónarmiða og sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar og með vísa fyrir aðgerðir í landmótun haldið áfram. Athyglinni verður einnig beint að aukinni þörf fyrir upplýsingar um neytenda- eða velferðarþætti landbúnaðar og að hagskýrslum til stuðnings byggðarþróun í dreifbýli samkvæmt sameiginlegu landbúnaðarstefnunni. Niðurstöður óháðu heildarendurskoðunarinnar á núverandi kerfi verða notaðar til að aðlaga safn landbúnaðarhagskýrsla Bandalagsins svo að það geti uppfyllt nýjar eða breytilegar þarfir. Hitt verkefnið er að koma á reglubundnu streymi samanburðarhæfra gagna frá opinberum aðilum í öllum umsóknarlöndum um aðild að ESB.

Skógrækt

Leggja þarf sérstaka áherslu, á þessu sviði, á að viðhalda og bæta samstarf við alþjóðastofnanir, fyrst og fremst til að auka gæði hagskýrsla um skógrækt, þ.m.t. sérstakar viðmiðanir og vísar sem eru nauðsynleg vegna umhverfisstjórnunar og sjálfbærrar skógvörslu. Samhliða þessu þarf einnig að þróa upplýsingar um sjálfbæra stjórnun í iðnaði sem byggir á efnun sem unnin eru úr timbri Taka þarf tillit til áhrifa samkomulagsins sem gert var í Bonn-í tengslum við Kýótó-bókunina við þróun þessarar vinnu.

Fiskveiðar

Framtíðarþróun sameiginlegu fiskveiðistefnunnar mun snúast um samþættingu ýmissa atriða, allt frá líffræðilegum þáttum til fjármagns, með bættu eftirliti með starfsemi fiskiskipa. Ólíklegt er að með slíkum ráðstöfunum skapist frekari þörf á gögnum svo að helsta átakið á næstu árum felst í því að efla og bæta gagnastreymið (heilleika, rétta tímasetningu, samkvæmni, samanburðarhæfi og aðgengileika) á grundvelli núverandi löggjafar.

Félagslegar og efnahagslegar afleiðingar þess að takmarka starfsemi fiskiskipa og minnka fiskiskipaflota ESB leiða til aukinnar eftirspurnar eftir gögnum um færriebreytur til að meta félagslegt og efnahagslegt ástand. Líklegt má telja að þessi þróun verði mikilvægur liður í nýjum samningaviðræðum varðandi sameiginlegu fiskveiðistefnuna árið 2002. Hagstofa Evrópubandalaganna mun fylgjast náið með þessum samningaviðræðum til að tryggja að áætlun hennar um fiskveiðihagskýrslur endurspegli áfram gagnþörf sameiginlegu fiskveiðistefnunnar.

Samantekt

Á áætlunartímabilinu mun framkvæmdastjórnin keppa að því að:

- beita TAPAS-kerfinu (tæknileg aðgerðaáætlun til að bæta landbúnaðarhagskýrslur) til að bæta jafnt og þétt það safn landbúnaðarhagskýrsla sem til er, einkum að því er varðar gæði, samanburðarhæfi, aukna skilvirkni, einföldun og rétta tímasetningu þeirra,
- skipuleggja þróun landbúnaðarhagskýrsla með það að markmiði að mæta framtíðarþörfum sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar,
- leggja til vísa fyrir betri samþættingu umhverfissjónarmiða og sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar og upplýsingar um neytenda- og velferðarþætti landbúnaðar,
- aðstoða við þróun samanburðarhæfra gagna í umsóknarlöndunum um aðild að ESB,
- efla, bæta og víkka út (vísa fyrir) hagskýrslur um skógrækt,
- efla og bæta gæði fiskveiðihagskýrsla.

Stefnumiðuð hagskýrslubörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna

<i>Báلكur sáttmálans</i>	<i>Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna</i>
II. BÁLKUR LANDBÚNAÐUR	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	61 Landnotkun og landmótun 62 Nýting bújarða 63 Hagstærðir í landbúnaði 64 Jarðrækt 65 Búfjárrækt 66 Hagskýrslur um iðnað tengdan landbúnaði 67 Samræming og umbætur á landbúnaðarhagskýrslum 68 Hagskýrslur um skógarnytjar 69 Hagskýrslur um fiskveiðar
Önnur mikilvæg viðbótarstarfssvið	53 Vöruviðskipti 70 Sjálfbær þróun 72 Svæðisbundnar hagskýrslur 74 Landfræðilegar og staðbundnar upplýsingar

III. BÁLKUR

Frjálsir fólksflutningar, frjáls þjónustustarfsemi og frjálsir fjármagnsflutningar

Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar

Hagskýrslur um greiðsluöfnuð ESB veita nokkuð nákvæmar upplýsingar um þjónustuviðskipti og beinar fjárfestingar. Verið er að þróa hagskýrslur um viðskipti erlendra útibúa. Þótt einkum sé verið að þróa þessar hagskýrslur í kjölfar Hins almenna samnings um þjónustuviðskipti (GATS), og þ.a.l. til að veita upplýsingar um viðskipti við lönd utan Bandalagsins, telja aðildarríkin nauðsynlegt að halda áfram að taka saman innlendan greiðsluöfnuð (þ.m.t. streymi innan ESB) jafnvel innan Efnahags- og myntbandalagsins. Eins og sakir standa nær hagskýrslugerð bæði yfir viðskipti innan ESB og viðskipti við lönd utan ESB og uppfyllir því þarfir eins óskipts markaðar. Þó er hætt á óvissu varðandi þessar upplýsingar. Einnig er verið að endurskipuleggja kerfin til að taka saman gögn um greiðsluöfnuð (sjá VII. bálk). Þarfir framkvæmdastjórnarinnar á þessu sviði þarf að endurmeta og skilgreina.

Komið verður á fót kerfi fyrir vísa um hnattvæðingu. Ný tölfræðileg tæki, byggð á gagnaskiptum milli innlendra hagstofa og söfnun upplýsinga á evrópskum vettvangi, verða notuð sem undirstaða fyrir þróun á þessu sviði.

Með því að skilgreina og hafa eftirlit með erlendum hlutdeildarfélagum (FATS) verður hægt að mæla Evrópu- og alþjóðavæðingu framleiðslukerfanna.

Hagskýrslugerð mun í auknum mæli miða að því að greina sjálfbæra ferðaþjónustu ásamt sjálfbærri þróun með því að þróa hliðarreikninga.

Framkvæma þarf ákvörðun ráðsins um hagskýrslur um hljóð- og myndmiðla Hagstofa Evrópubandalaganna mun því halda áfram að efla þá vinnu sem þegar hefur farið fram frá árinu 1999 um að koma á fót grunnvirki fyrir tölulegar upplýsingar í Bandalaginu sem varða iðnað og markaði hljóð- og myndmiðlageirans og tengdra geira. Einnig þarf að þróa lagagrundvöll fyrir hagskýrslur um fjarskipti.

Smám saman verður komið á fót kerfi, sem er sveigjanlegt og hægt að aðlaga, til að safna upplýsingum um vísa um upplýsingasamfélagið á grundvelli fyrirbyggjandi eða nýrra kannana í samræmi við forgangsröð ráðsins.

Samantekt

Á fimm ára tímabilinu mun framkvæmdastjórnin keppa að því að:

- þróa traust og sveigjanlegt safn vísa um hnattvæðingu,
- þróa traust og sveigjanlegt safn vísa um upplýsingasamfélagið, þ.m.t. hljóð- og myndmiðlaþjónustu,
- þróa áfram hliðarreikninga á sviði ferðaþjónustu.

Stefnumiðuð hagskýrsluþörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna

<i>Bálgur sáttmálans</i>	<i>Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna</i>
III. BÁLKUR FRJÁLSIR FÓLKSFLUTNINGAR, FRJÁLS ÞJÓNUSTU- STARFSEMI OG FRJÁLSIR FJÁRMAGNSFLUTNINGAR	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	44 Hagskýrslur um atvinnustarfsemi fyrirtækja 48 Flutningar 49 Upplýsingasamfélagið 50 Ferðaþjónusta 54 Þjónustuviðskipti og greiðslujöfnuður
Önnur mikilvæg viðbótarstarfssvið	57 Hagskýrslur fyrir hagsveiflugreiningu 70 Sjálfbær þróun 71 Umhverfshagskýrslur

IV. BÁLKUR

Vegabréfsáritanir, hæli, innflutningur fólks og stefna á öðrum sviðum sem tengjast frjálsri för fólks*Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar*

Lögsögu Bandalagsins í málefnum sem varða innflytjendur og hæli var komið á við gildistöku Amsterdam-sáttmálans 1. maí 1999. Að beiðni leiðtoga ráðsins sendi framkvæmdastjórnin frá sér tvær orðsendingar í nóvember 2000 til að hringja af stað skoðanaskiptum í Bandalaginu um langtímaþætti sameiginlegrar stefnu ESB. Í báðum orðsendingum er fjallað um hagskýrslur í þessu samhengi. Í orðsendingunni um stefnu Bandalagsins í málefnum innflytjenda ⁽¹⁾ er lögð áhersla á að þörf sé á meiri upplýsingum um straum og mynstur fólksflutninga til og frá ESB. Í orðsendingunni um hæli ⁽²⁾ er lögð áhersla á að til að hægt verði að koma á og framkvæma sameiginlegt evrópskt kerfi um hæli þurfi að fara fram ítarleg greining á umfangi streymi fólks, uppruna fólksins sem og greining á einkennum umsókna um vernd og viðbrögðum við þeim. Stækkun Sambandsins og þróun samvinnu við löndin á Miðjarðarhafssvæðinu mun einungis auka þörfina fyrir tölulegar upplýsingar á þessum sviðum.

Samantekt

Á fimm ára áætlunartímabilinu mun framkvæmdastjórnin:

- þróa staðlaðra flokkunarkerfi í fólksflutninga- og hælismálum í samstarfi við innlend yfirvöld,
- auka umfang og gæði hagskýrslna á þessu sviði til að uppfylla upphaflegu kröfurnar í orðsendingum framkvæmdastjórnarinnar um málið.

Stefnumiðuð hagskýrsluþörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna

<i>Bálgur sáttmálans</i>	<i>Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna</i>
IV. BÁLKUR VEGABRÉFSÁRITANIR, HÆLI, INNFLYTJENDUR OG STEFNA Á ÖÐRUM SVIÐUM SEM TENGJAST FRJÁLSRI FÖR FÓLKS	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	31 Mannfjöldi

V. BÁLKUR

Flutningar*Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar*

Hagskýrslur Bandalagsins um flutninga eru nauðsynlegar til að styðja við sameiginlegu stefnuna í flutningamálum (70.–80. gr.) og flutningaþátt samevrópsku netkerfanna (154.–156. gr.).

⁽¹⁾ Orðsending frá framkvæmdastjórninni til ráðsins og Evrópuþingsins um stefnu Bandalagsins í málefnum innflytjenda, 22. nóvember 2000 (COM(2000) 757, lokaútgáfa).

⁽²⁾ Orðsending frá framkvæmdastjórninni til ráðsins og Evrópuþingsins „Stefnt að sameiginlegri meðferð umsókna um hæli og samræmdir réttarstöðu, sem gildir alls staðar í Sambandinu, fyrir einstaklinga sem veitt er hæli“, 22. nóvember 2000 (COM(2000) 755, lokaútgáfa).

Flutningar eru einnig mikilvægur hluti af svæða- og umhverfisstefnu Bandalagsins (sjá XVII. og XIX. bálk) og skal leggja sérstaka áherslu á vísa um sjálfbæra þróun.

Hagskýrslur Bandalagsins skulu mynda allsherjarupplýsingakerfi um flutninga, þ.m.t. gögn um vöru- og farþegastreymi, svo og um grunnvirki, búnað, umferð, hreyfanleika fólks, öryggi, orkunotkun og umhverfisáhrif, enn fremur gögn um flutningskostnað og –verð og um flutningafyrirtæki. Meginmarkmiðið verður að breyta vægi ólíkra flutningsmáta svo að hlutur flutninga með járnbrautum og á stuttum sjóleiðum aukist á kostnað flutninga á vegum og fjarlægja þannig þá tengingu sem nú er til staðar milli hagvaxtar og aukinnar umferðar á vegum. Nauðsynlegt verður að taka saman betri hagskýrslur um skiptingu milli mismunandi flutningsmáta, sem taka til bæði til farþega og farms, með tilliti til hvers konar flutningsmáta, og bæta þætti er varða rétta tímasetningu.

Opnun flutningsmarkaða fyrir samkeppni mun skapa þörf fyrir hlutlæg töluleg gögn til að hafa megi eftirlit með þróun á þessum mörkuðum og meta áhrif þessarar þróunar á atvinnuástand og vinnuskilyrði í flutningafyrirtækjum og á efnahagslega afkomu þessara fyrirtækja. Hún mun einnig auka kröfur um tölulega vísa í tengslum við öryggi og bætta þjónustu. Þróun markaðarins mun kalla á söfnun tölulegra gagna um vöruflutninga, sem beinast síður að einstökum flutningsmátum, heldur veita upplýsingar um heildarkeðju samþættra flutninga og um vöruflutninga frá sjónarhóli markaðarins.

Eftirlit með tengslunum milli flutninga og umhverfismála verður helsti drifkrafturinn til að auka gæði gagna um flutninga og til að þau nái yfir öll svið þeirra. Þetta mun einnig hafa í för með sér sérkröfur um viðbótargögn, t.d. um hreyfanleika fólks og flutningatæki. Bregðast þarf við auknum kröfum um umferðargögn, sem eru gefin upp í ökutækjakílómetrum, fyrir hvers konar flutningsmáta, með tilliti til þess að hægt er að nota þau til að fylgjast með umferðarþröng og losun lofttegunda.

Áframhaldandi umfangsmiklar fjárfestingar í evrópska samgöngugrunnvirkinu, einkum í flutningaþætti samevrópsku netkerfanna, munu hafa í för með sér sérþarfir fyrir hagskýrslur um grunnvirki og markaðsþróun. Samevrópsku netkerfin, ásamt svæðastefnu Bandalagsins, munu áfram hafa í för með sér þörf fyrir gögn, sem eru betur sundurliðuð landfræðilega, um flutninganet og –flæði, sem skulu teljast óaðskiljanlegur hluti af heildarupplýsingakerfinu um flutninga.

Samantekt

Á fimm ára tímabilinu mun framkvæmdastjórnin keppa að því að:

- ljúka hagskýrslugerð Bandalagsins um flutninga er nái yfir hvers konar flutningsmáta og allar gerðir upplýsinga,
- aðlaga áfram og fullgera, ef nauðsyn krefur, lagagrundvöll fyrir hagskýrslur um flutninga,
- stuðla að söfnun frekari tölfræðilegra upplýsinga um keðjur samþættra flutninga sem og þeirra viðbótargagna sem eru nauðsynleg til að fylgjast með samþættingu umhverfissjónarmiða og stefnu í flutningamálum (TERM-aðgerðin).

Stefnumiðuð hagskýrsluþörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna

Bálkur sáttmálans	Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna
V. BÁLKUR FLUTNINGAR	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	48 Flutningar 72 Svæðisbundnar hagskýrslur
Önnur mikilvæg viðbótarstarfssvið	44 Hagskýrslur um atvinnustarfsemi fyrirtækja 45 Orka 49 Upplýsingasamfélagið 50 Ferðaþjónusta 53 Vöruviðskipti 61 Landnotkun og landmótun 70 Sjálfbær þróun 71 Umhverfishagskýrslur 74 Landfræðilegar og staðbundnar upplýsingar

VI. BÁLKUR

Sameiginlegar reglur um samkeppni, sköttun og samræmingu laga

Ekki er þörf á beinni hagskýrsluáætlun. Tölulegar upplýsingar í tengslum við þennan bálk eru leiddar af gögnum og vísnum, sem eru unnin í tengslum við aðra bála í áætluninni.

Stefnumiðuð hagskýrsluþörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna

<i>Bálkur sáttmálans</i>	<i>Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna</i>
VI. BÁLKUR SAMEIGINLEGAR REGLUR UM SAMKEPPNI, SKÖTTUN OG SAMRÆMINGU LAGA	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	
Önnur mikilvæg viðbótarstarfssvið	32 Vinnumarkaðurinn 53 Vöruviðskipti
	44 Hagskýrslur um atvinnustarfsemi fyrirtækja 45 Orka 48 Flutningar 49 Upplýsingasamfélagið 63 Hagstærðir í landbúnaði 64 Jarðrækt 65 Búfjárrækt 66 Hagskýrslur um iðnað tengdan landbúnaði

VII. BÁLKUR

Stefna í efnahags- og peningamálum

Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar

Tilkoma Efnahags- og myntbandalagsins kallar á mjög náð hagskýrslueftirlit, til að renna stoðum undir samræmingu stefnunnar í efnahagsmálum og starfsemi seðlabankakerfis Evrópu í tengslum við stefnuna í peningamálum. Samningurinn um stöðugleika og vöxt hefur í för með sér aukna hagskýrsluþörf. Þangað til er mikilvægt að mæla þá efnahagslegu samleitni sem aðildarríkin hafa náð.

Til að hagskýrslurnar verði nægilega viðtækar, samanburðarhæfar, tímanlegar og tíðar til að samræma þjóðhagslega stefnu og styðja starfsemi seðlabankakerfis Evrópu í tengslum við stefnuna í peningamálum, mun vinnan beinast að skammtíma vísnum um eftirspurn, framleiðslu, vinnumarkaðinn, verðlag og kostnað. Nýjum aðferðum (t.d. skyndimati, samtíðarspá o.s.frv.) verður beitt til að bæta þjónustu við þá sem greina hagsveiflur þessi vinna kemur til viðbótar við frekari þróun peninga- og efnahagsvísa.

Þörf er á varanlegum umbótum að því er varðar að gögn séu unnin tímanlega og á umfangi þeirra innan ramma aðgerðaráætlunarinnar um hagskýrsluþörf Efnahags- og myntbandalagsins. Til að hægt sé að reikna út samtölur evrusvæðisins á eins skömum tíma og auðið er þurfa ársfjórðungslegir þjóðhagsreikningar að vera gerðir tímanlega og koma þarf á skyndimati. Enn fremur er þörf á mikilli vinnu innan stofnanageirans við gerð ársfjórðungslegra fjárhagsreikninga og reikninga, sem eru ekki fjárhagslegir, sem eru í fullu samræmi við ársreikninga og fjármál hins opinbera til skamms tíma. Fyrirspurnir um upplýsingar um mótaðila í fjárhagsreikningum, sem sýna tengsl milli geira (frá hverjum til hvers), eru mikilvægt tæki við greiningu á stefnu í peningamálum. Þessum upplýsingum skal safnað í áföngum á meðan fimm ára áætlunin varir.

Gert er ráð fyrir að mikilvægasti þáttur á tímabili þessarar áætlunar, frá 2003 til 2007, verði stækkun ESB úr 15 aðilum í 20 eða fleiri. Í þessu mun felast veruleg vinna, bæði fyrir nýju aðilana, sem þurfa að leggja fram hagskýrslugögn, og fyrir Hagstofu Evrópubandalaganna sem skal fullgilda þessi gögn. Til að styðja að fullu við stefnu framkvæmdastjórnarinnar um stækkun Bandalagsins, verður aðstoð við umsóknarlöndin haldið áfram og hún þróuð til að tryggja viðunandi aðgengi að gögnum, gæði þeirra, tímanleika og samanburðarhæfi.

Leggja skal aukna áherslu á gæði gagnanna, bæði með tilliti til fasts verðlags og gangverðs, að því er varðar öll aðildarríkin. Eigin tekjur á grundvelli vergra þjóðartekna nema 60% af fjárlögum ESB og eru eitt dæmi um notkun stjórnsýslunnar á þessum gögnum. Stór hluti verksins mun felast í því að halda áfram og bæta við það sem gert hefur verið til að samræma hagskýrslur um samleitnisviðmiðanir. Það markmið að viðhalda stöðugu verðlagi (105. gr. sáttmálans) og veita upplýsingar um peningamálafestefnu Seðlabanka Evrópu á evrusvæðinu krefst þess, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 frá 23. október 1995 um samræmdar vísitölur neysluverðs⁽¹⁾, að gæðum samræmdra vísitalna neysluverðs verði viðhaldið og þau aukin frekar. Aðferðir við gerð samræmdra vísitalna neysluverðs skulu vera fullfrágengnar og samstilltar innan ramma framangreindrar reglugerðar ráðsins um samræmdar vísitölur neysluverðs.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 257, 27.10.1995, bls. 1.

Eftirlit verður haft með fjárlagastöðunni og ríkisskuldum (104. gr. sáttmálans og samningurinn um stöðugleika og vöxt sem samþykktur var í Dublin) á grundvelli reikninga hins opinbera sem útbúnir eru eftir aðferðafræði evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfisins í Evrópubandalaginu frá 1995 (ESA-'95) sem var samþykkt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96 frá 25. júní 1996 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í Bandalaginu⁽¹⁾. Samræming og samanagerðarhæfi verða könnuð reglulega til að stofnanir, þar sem ákvarðanir eru teknar, hafi yfir að ráða góðum og samanagerðarhæfum hagskýrslugögnum til að ekki verði lagt langt mat á fjárlagastöðuna í hverju aðildarríki fyrir sig.

Eftirlit með hagþróun í aðildarríkjunum, eins og kveðið er á um í 99. gr. sáttmálans, eykur þörfina á að framkvæma að fullu nógildandi áætlun um gagnaflytning þjóðhagsreikninga samkvæmt reglugerð ESA-'95, einkum að því er varðar tímanleika og umfang, og að auka smám saman við hana þannig að hún nái til nýrra sviða með endurskoðun og rýmkun gildandi löggjafar.

Haldið verður áfram vinnu við að útbúa helstu samtölur reikninga, settar fram sem jafnvirðisgengi. Samþykkt reglugerðar ráðsins um jafngengisvirði skal marka lok endurskoðunar á aðferðum til að finna út jafngengisvirði, sem hófst meðan á fyrri fimm ára áætluninni stóð, til að niðurstöðurnar verði áreiðanlegri fyrir samanagerðargreiningar.

Stofnun Efnahags- og myntbandalagsins hefur veruleg áhrif á hagskýrslur um greiðslujöfnuð. Viðmiðunarmörk fyrir skýrslugjöf eru sérstaklega mikilvæg hér, en ef þeim verður breytt eins og fyrirsjáanlegt er, mun það hafa í för með sér verulega þróunarvinnu til að tryggja að gæðum gagnanna verði viðhaldið. Mörg aðildarríki (einkum þar sem skýrslugjöf frá bönkum er helsta heimild þeirra sem taka saman greiðslujöfnuð) endurskoða nú kerfi sín við söfnun upplýsinga um greiðslujöfnuð til að takast á við nýjar aðstæður. Á komandi árum verður unnið að því að tryggja áfram að aðildarríkin leggi áfram fram vönduð og viðeigandi gögn til stofnana ESB og Seðlabanka Evrópu, einkum að því er varðar þjónustuviðskipti, beinar erlendar fjárfestingar og hagskýrslur um viðskipti við erlend dótturfélög. Söfnun (og greining) gagna frá umsóknarlöndum skal einnig njóta forgangs. Ýmsar þjónustueildir framkvæmdastjórnarinnar fara fram á þessi gögn, einkum þær sem fást við efnahagslegt eftirlit, viðskiptastefnu og utanríkismál.

Samantekt

Á fimm ára tímabilinu mun framkvæmdastjórnin stefna að því:

- að halda áfram þróun og gerð hagskýrslna, innan ramma aðgerðaráætlunar Efnahags- og myntbandalagsins, sem eru nauðsynlegar fyrir samræmi efnahagsstefnunnar og peningastefnunnar, fyrir samninginn um stöðugleika og vöxt og áframhaldandi mat á efnahagslegri samleitni,
- að efla framkvæmd reglugerðar ESA-'95,
- að endurskoða kerfið við söfnun hagskýrslna um greiðslujöfnuð.

Stefnumiðuð hagskýrsluþörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna

Bálgur sáttmálans	Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna
VII. BÁLKUR STEFNA Í EFNAHAGS- OG PENINGAMÁLUM	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	32 Vinnumarkaðurinn 40 Ársreikningar yfir þjóðarbúskapinn 41 Ársfjórðungsreikningar 42 Fjárhagsreikningar 44 Hagskýrslur um atvinnustarfsemi fyrirtækja 52 Peningar og fjármál 54 Þjónustuviðskipti og greiðslujöfnuður 55 Verðlag 57 Hagskýrslur fyrir hagsveiflugreiningu
Önnur mikilvæg viðbótarstarfssvið	53 Vöruviðskipti

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 310, 30.11.1996, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 359/2002 (Stjtið. EB L 58, 28.2.2002, bls. 1).

VIII. BÁLKUR

Atvinnumál

Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar

Þróun á hagskýrslum ESB um atvinnumál mun ákvarðast af eftirfarandi pólitískum þróunarferlum Stækkun ESB, evrópsku vinnumálaáætluninni, Efnahags- og myntbandalaginu og setningu viðmiðana (ásamt grunnhagvísu sem skal leggja fyrir leiðtogaráðið á hverju vori).

Hagskýrslur um atvinnumál falla að mestu leyti undir reglugerðir ESB. Því munu umsóknarlöndin hafa gert mikilvægar ráðstafanir til að uppfylla kröfur ESB fyrir árið 2003. Á tímabilinu 2003 til 2007 verður áskorunin sú að uppfylla kröfur að fullu, að gagnaflutningar verði reglulegir og haldið sé í við nýja þróun.

Leiðtogaráðið hefur, með setningu nýrra markmiða um atvinnuþátttöku fyrir árin 2005 og 2010, aukið þörfina á eftirliti með framkvæmd evrópsku vinnumálaáætlunarinnar, einkum árlegri framkvæmd viðmiðunarreglna um atvinnumál. Eftirlitið skal taka til framkvæmdar samfelldrar vinnumarkaðskönnunar og samþykktar á skrá hennar yfir breytur. Við eftirlitið verður þörf á tíðari og heildstæðari hagskýrslum til að mæla kynjamismun (einkum launamun í öllum atvinnugreinum) og mun á fæрни. Þetta mun fela í sér grunnhagfélur um uppbyggingu launa og athuganir á framkvæmd könnunar á lausum störfum í Bandalaginu.

Á jafnstóru svæði og því sem Efnahags- og myntbandalagið nær til er þróun launakostnaðar mikilvægasti hugsanlegi verðbólguvaldurinn og þarf því að fylgjast með honum með skjótri gerð vandaðra skammtímahagskýrslna. Framkvæmd reglugerðarinnar um vísitölu launakostnaðar og samfelldar umbætur á skammtímahagskýrslum um launakostnað eru afar brýnar, svo og bættar mælingar á framleiðni vinnuafli (sem fela í sér betri raðir yfir umfang vinnu).

Samantekt

- framkvæmd samfelldrar vinnumarkaðskönnunar sem gefur ársfjórðungslegar niðurstöður í öllum aðildarríkjunum,
- samræming á hluta af spurningalistunum,
- samantekt/greining á niðurstöðum launakerfiskönnunarinnar árið 2002,
- framkvæmd könnunar á launakostnaði fyrir árið 2004 sem nær yfir bála M, N og O í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE),
- reglugerð ráðsins um vísitölu launakostnaðar komi til framkvæmda að fullu,
- framkvæmd launakerfiskönnunar árið 2006,
- hönnun kerfis fyrir evrópskar hagskýrslur um launakostnað.

Stefnumiðuð hagskýrsluþörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna

<i>Báلكur sáttmálans</i>	<i>Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna</i>
VIII. BÁLKUR ATVINNUMÁL	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	32 Vinnumarkaðurinn 33 Menntun 35 Heilsa og öryggi 36 Tekjudreifing og lífskjör 37 Félagsleg vernd
Önnur mikilvæg viðbótarstarfssvið	44 Hagskýrslur um atvinnustarfsemi fyrirtækja 49 Upplýsingasamfélagið 50 Ferðaþjónusta 63 Hagstærðir í landbúnaði

IX. BÁLKUR

Sameiginleg viðskiptastefna

Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar

Samkvæmt 133. gr. sáttmálans ber framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna ábyrgð á samningaviðræðum um viðskiptasamninga við þriðju lönd. Þetta nær yfir samninga um þjónustuviðskipti (Hinn almenna samning um þjónustuviðskipti). Í þessu skyni er mikilvægt að hafa aðgang að gögnum af göðum gæðum.

Á komandi árum verður unnið að því að tryggja að gögn um þjónustuviðskipti milli landa (sundurliðuð bæði landfræðilega og eftir efnisþáttum), beinar erlendar fjárfestingar og viðskipti við erlend dótturfélög uppfylli þær kröfur um gæðastaðla, nákvæmnistig og samræmingu sem gerðar eru af þjónustudeild framkvæmdastjórnarinnar, sem sér um að framfylgja viðskiptastefnunni.

Í Doha-lotunni, sem hófst í nóvember 2001, verður sjálfbær þróun og áhrif sameiginlegrar viðskiptastefnu á þróunarlönd lyklatríði. Þörf verður á samhæftri vinnu við söfnun alhliða gagna.

Söfnun og greining gagna frá umsóknarlöndum skal einnig njóta forgangs á næstu árum. Einnig verður unnið að því að samhæfa frekar viðræður aðildarríkjanna um aðferðafræði þrátt fyrir að umtalsverð samræming hafi þegar náðst á því sviði. Til að hægt sé að setja fram heildstæðan greiðslujöfnuð ESB er grundvallaratriði að gerðar séu hagskýrslur um greiðslujöfnuð fyrir Bandalagið.

Unnið verður áfram að samræmingu á reglum um hagskýrslugerð með samræmdri aðferðafræði sem er í samræmi við alþjóðleg tilmæli sem Sameinuðu þjóðirnar samþykktu nýverið. Með skilvirkari notkun á innihaldi tollskýrslna fást betri tölulegar upplýsingar og tekið verður tillit til þarfa sem fylgja breytingum á Evrópusambandinu og alþjóðaviðskiptum (stækkun, hnattvæðingu, auknu frelsi í viðskiptum). Einnig verður gripið til aðgerða til að auka áreiðanleika hagskýrslna um inn- og útflutningsverð til að tryggja betri mælingu á samkeppnishæfni framleiðsluvara Sambandsins út á við.

Samantekt

Við lok fimm ára áætlunarinnar mun framkvæmdastjórnin hafa:

- fellt smám saman inn gögn umsóknarlandanna,
- breytt og bætt kerfi til gagnasöfnunar og –framleiðslu,
- bætt og þróað frekar samræmda aðferðafræði í samræmi við alþjóðleg tilmæli, nýjar kröfur um upplýsingar og þróun efnahags- og tollaumhverfisins,
- aukið notkun fyrirliggjandi gagna og greiningar á sjálfbærri þróun á hnattræna vísu.

Stefnumiðuð hagskýrsluþörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna

Bálgur sáttmálans	Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna
IX. BÁLKUR SAMEIGINLEG VIÐSKIPTASTEFNA	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	53 Vöruviðskipti 54 Þjónustuviðskipti og greiðslujöfnuður
Önnur mikilvæg viðbótarstarfssvið	19 Samvinna við umsóknarlöndin um hagskýrslur 21 Samvinna við önnur þriðju lönd um hagskýrslur 42 Fjárhagsreikningar 52 Peningar og fjármál

X. BÁLKUR

Tollasamvinna

Ekki er þörf á beinni hagskýrsluáætlun. Tölulegar upplýsingar í tengslum við þennan bálg eru leiddar af gögnum og vísium sem unnin eru í tengslum við aðra bálgka í áætluninni.

XI. BÁLKUR

Félagsmálastefna, menntun, starfsnám og æskulýðsmál

Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar

Á meðan á þessari áætlun stendur verður þróuð samfelld skipulagsáætlun til að tryggja að fyrir hendi sé heildstætt safn vísa sem ná yfir öll félagsleg svið í nánu samræmi við aðgerðir skv. VIII. bálk. Gæði fyrirliggjandi upplýsinga verða aukin og teknir verða upp nýir vísar sem taka til sviða sem skilgreind hafa verið sem forgangsverkefni, s.s félagsleg útskýfun og símenntun. Í tengslum við „skýrsluna um markviss markmið mennta- og starfsmenntunarkerfa“, sem var fullgilt á fundi leiðtoga ráðsins í Stokkhólmi, skal vera nán samvinna milli aðalskrifstofu mennta- og menningarmála og Hagstofu Evrópubandalaganna. Til viðbótar við áframhaldandi vinnu við hagskýrslugerð á þremur forgangssviðum ársins 2002 (grunnfærni, upplýsinga- og fjarskiptatekni, stærðfræði og tækni) er þörf á frekari vinnu til framkvæmdar öðrum markmiðum. Þróa þarf vísa þar sem gögn eru ekki fyrir hendi eða þau uppfylla ekki nauðsynlegar gæðakröfur en eru nauðsynleg til að markmiðin, sem mælt er fyrir um, náist.

Félagslegar hagskýrslur skulu taka til stærra landsvæðis þannig að það nái til allra umsóknarlandanna, svo og svæða utan Evrópu, s.s. MEDSTAT-landanna (samvinnuáætlun Evrópu og Miðjarðarhafslánda um hagskýrslugerð). Lýðfræðileg gögn verða viðmiðun þessarar þróunar og að lokinni vinnslu og útgáfu niðurstaðna manntalsins fyrir árið 2001 verður ferlið hluti af áætluninni um reglulega uppfærslu og undirbúning fyrir næstu lotu og stuðlar þannig að samhæfðri nálgun á stækkaða landsvæðinu sem lýst er hér að framan. Einnig verður þörf fyrir mannfjöldaspá fyrir allt svæðið á landsvísi.

Í þessari áætlun verður lögð sérstök áhersla á bættu söfnun og vinnslu gagna um hreyfanleika milli landa á sviði framhaldsnáms og rannsókna. Fyrsta verkefnið verður að samhæfa grunnskilgreiningar og mikilvægustu vísa.

Símenntun verður mikilvæg á þessu tímabili sem endurspeglar þá staðreynd að í kjölfar efnahagslegra breytinga þarf sífellt að endurnýja starfstengda og félagslega færni. Þörf verður á ítarlegu kerfi um „fræðslu“ hagskýrslur til grundvallar stefnu í atvinnu-, efnahags- og menntamálum með sérstakri áherslu á fjárfestingar einkaaðila og opinberra aðila í menntun. Gögn um fullorðinsfræðslu þurfa að koma til viðbótar þeim upplýsingum sem fyrir hendi eru um menntun og þjálfun.

Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 2002 um nýja áætlun Bandalagsins um heilbrigði og öryggi á vinnustað er gerð krafa um fulla framkvæmd síðasta áfanga evrópskra hagskýrslna um vinnuslys (ESAW) og fyrsta áfanga evrópskra hagskýrslna um atvinnusjúkdóma (EODS). Vísar um gæði vinnu, vinnutengd heilsufarsvandamál og félagshagfræðilegan kostnað við að viðhalda heilbrigði og öryggi á vinnustað verða einnig þróaðir frekar.

Í tengslum við 13. gr. sáttmálans og aðgerðir til að berjast gegn mismunun verður komið á aðferðum til gera reglubundnar hagskýrslur um aðlögun fatlaðra að samfélaginu.

Reikna má með því að verulegar félagslegar breytingar, sem eru þegar merkjanlegar, haldi áfram að eiga sér stað á meðan áætlunin varir (t.d. á aldursdreifingu, heimilisgerðum, þróun fólksflutninga, vinnumynstri, menntakerfi o.s.frv.) og þörf verður á nýju verkfæri til viðbótar við þau sem lýst er hér að framan. Hagskýrslur ESB um tekjur og lífskjör (EU-SILC) munu byggjast á margs konar heimildum og verður nýtt sú reynsla sem fékkst á tíunda áratugnum við framkvæmd einstakra umferða heimiliskönnunar Evrópubandalagsins (European Community household panel). Þessu verður komið á til að útvega fjölbreyttar upplýsingar um lífskjör evrópskra ríkisborgara á fimm ára tímabilinu og að því loknu.

Samantekt

Á fimm ára áætlunartímabilinu mun framkvæmdastjórnin:

- þróa samfellda áætlun til að tryggja að fyrir hendi sé heildstætt safn vísa sem ná yfir öll félagsleg svið,
- veita upplýsingar reglulega um lífskjör ríkisborgara með nýjum vísam,
- veita upplýsingar um umönnunar- og barnagæsluþjónustu.

Stefnumiðuð hagskýrsluþörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna

Bálgur sáttmálans	Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna
XI. BÁLKUR FÉLAGSMÁLASTEFNA, MENNTUN, STARFSNÁM OG ÆSKULÝÐSMÁL	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	31 Mannfjöldi 32 Vinnumarkaðurinn 33 Menntun 35 Heilsa og öryggi 36 Tekjudreifing og lífskjör 37 Félagsleg vernd 38 Önnur vinna á sviði lýðfræðilegra og félagslegra hagskýrslna (hagskýrslur um húsnæðismál) 72 Svæðisbundnar hagskýrslur
Önnur mikilvæg viðbótarstarfssvið	70 Sjálfbær þróun

XII. BÁLKUR

Menning*Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar*

Aðgerðir Bandalagsins á sviði menningarmála eru grundvallaðar á 151. gr. sáttmálans. Einn meginþáttur á valdsviði Bandalagsins að því er varðar þessi málefni er að bæta þekkingu og miðlun upplýsinga um lykilkætti í menningu Evrópubúa. Enn fremur hefur verið skýrt mælt fyrir um að Bandalagið verði að taka tillit til menningarlegra þátta við skilgreiningu og framkvæmd stefnu sinnar í heild.

Helsta forgangsmál á sviði hagskýrslna um menningarmál innan ramma hagskýrsluáætlunar Bandalagsins fyrir tímabilið 2003 til 2007 verður efling forvinnu í atvinnumálum innan menningargeirans, þátttaka í menningarstarfsemi og hagskýrslur um útgjöld til menningarmála. Jafnframt mun hagskýrsluáætlunin, með náinni samvinnu við aðildarríkin og til þess bærar alþjóðastofnanir, styðja aðferðafræðilega vinnu og þróun hagskýrsla í tengslum við hagnað af fjárfestingum í menningarmálum. Lögð verður sérstök áhersla á að þróa alþjóðlega aðferðafræði þannig að framkvæma megi tölfræðilega mælingu og greiningu á þeim áhrifum sem þátttaka í menningarstarfsemi getur haft með því að stuðla að því að félagsleg markmið náist, eins og það að hækka menntunartíðni, auka atvinnuþátttöku og draga úr glæpum og ójöfnuði á heilbrigðissviðinu.

Samantekt

Á fimm ára áætlunartímabilinu mun framkvæmdastjórnin:

- efla fyrirliggjandi tölulegar upplýsingar um menningarmál,
- þróa aðferðir og beita þeim til að mæla menningarleg áhrif í samfélaginu.

Stefnumiðuð hagskýrsluþörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna

<i>Báلكur sáttmálans</i>	<i>Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna</i>
XII. BALKUR MENNING	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	34 Menning
Önnur mikilvæg viðbótarstarfssvið	49 Upplýsingasamfélagið

XIII. BALKUR

Lýðheilsa*Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar*

Samkvæmt 152. gr. sáttmálans ná aðgerðir Bandalagsins á sviði lýðheilsu yfir heilsufarsupplýsingar. Innan evrópska hagskýrslukerfisins hefur verið settur grundvallarrámi hagskýrslna um lýðheilsu, sem nær yfir ástand í heilbrigðismálum, áhrifaþætti á heilsu og úrræði í heilbrigðismálum, til að styðja við aðgerðaáætlanir Bandalagsins á sviði lýðheilsu. Með samþykkt nýrrar aðgerðaráætlunar Bandalagsins um lýðheilsu⁽¹⁾ verður tölfræðilegur þáttur heilsufarsupplýsinga þróaður frekar í tengslum við hagskýrsluáætlun Bandalagsins, þ.m.t. gagnasöfnun sem er sundurliðuð, eftir því sem við á, eftir kyni, aldri, landfræðilegri staðsetningu og tekjustigi, ef það liggur fyrir. Á tímabilinu 2003 til 2007 verður haldið áfram að þróa safn hagskýrslna um heilsu til að bregðast við sérkröfunum sem leiða af nýrri aðgerðaáætlun um lýðheilsu. Bregðast þarf við sérstakri þörf fyrir vísa um sjálfbæra þróun.

Megináherslan verður lögð á að styrkja grunnvirkið fyrir grunnkerfi hagskýrslna um lýðheilsu (í aðildarríkjunum og á vettvangi ESB) og að samhæfa og bæta samanburðarhæfi fyrirliggjandi gagna í samvinnu við til þess bærar alþjóðastofnanir á sviði lýðheilsu (Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina (WHO) og Efnahags- og framfarastofnunina (OECD)).

⁽¹⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um heilbrigðisstefnu Evrópubandalagsins og tillaga að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um samþykkt aðgerðaáætlunar Bandalagsins á sviði lýðheilsu (2001 til 2006) — COM (2000) 285, lokaútgáfa frá 16. maí 2000.

Til að tryggja samræmi og fyllingu skulu tilteknar aðgerðir í þessari áætlun beinast að því að tryggja að grunnhugtök, -skilgreiningar og -flokkun hagskýrslna um heilsufarsmál séu notuð á sviði heilsufarsupplýsinga í heild.

Í samræmi við viðeigandi samninga við viðkomandi lönd skulu hagskýrslur um lýðheilsu smám saman látnar taka til allra umsóknarlanda.

Samantekt

Á fimm ára áætlunartímabilinu mun framkvæmdastjórnin:

- halda áfram að þróa safn hagskýrslna um heilsufarsmál til að bregðast við sérkröfunum sem kunna leiða af aðgerðaáætluninni um lýðheilsu,
- styrkja grunnvirkið fyrir grunnkerfi hagskýrslna um lýðheilsu.

Stefnumiðuð hagskýrsluþörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna

<i>Bálgur sáttmálans</i>	<i>Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna</i>
XIII. BÁLKUR LÝÐHEILSA	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	35 Heilsa og öryggi 37 Félagsleg vernd
Önnur mikilvæg viðbótarstarfssvið	39 Neytendavernd 70 Sjálfbær þróun

XIV. BÁLKUR

Neytendavernd

Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar

Neytendastefna hefur öðlast aukið vægi innan stofnana EB á undanförunum árum (153. gr. sáttmálans).

Framkvæmdastjórnin hefur komið á aðgerðaáætlun um neytendastefnu fyrir árin 1999 til 2001 sem verður fylgt eftir með aðgerðum í þágu neytenda. Gildandi aðgerðaáætlun, sem og undanfarar hennar, hefur verið takmörkuð að því leyti að ekki hafa legið fyrir nauðsynleg gögn til að taka upplýstar ákvarðanir. Undirbúningur aðgerðaáætlunar um neytendastefnu fyrir tímabilið 2002 til 2005 stendur yfir. Þar verður lögð áhersla á nauðsyn þess að grípa til kerfisbundnari og heildstæðari aðgerða til að þróa viðeigandi „þekkingargrunn“ sem nauðsynlegt verkfæri við stefnumótun.

Tilgangurinn með aðgerðum Hagstofu Evrópubandalaganna á þessu sviði er að leggja fram töluleg gögn, sem vekja almennt áhuga almennings, til að varpa ljósi á neyslu og neytendamál á vettvangi Evrópu og á lands- og svæðisvísu.

Samantekt

Á fimm ára áætlunartímabilinu mun framkvæmdastjórnin:

- útbúa hagskýrslur um neytendavernd með notendavænna sniði, einkum í formi útgáfu,
- veita stuðning að því er varðar aðferðir í tengslum við slys á heimilum,
- auka vitund um neytendavernd á öllum viðeigandi starfssviðum hagskýrslugerðar,
- tryggja að tillit sé tekið til neytendaverndar í nýjum stefnum í hagskýrslugerð,
- stuðla að þróun hagskýrslna um neytendavernd á hagstofum aðildarríkjanna.

Stefnumiðuð hagskýrsluþörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna

<i>Báلكur sáttmálans</i>	<i>Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna</i>
XIV. BÁLKUR NEYTENDAVERND	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	36 Tekjudreifing og lífskjör 39 Neytendavernd
Önnur mikilvæg viðbótarstarfssvið	61 Landnotkun og landmótun 64 Jarðrækt 65 Búfjárrækt 66 Hagskýrslur um iðnað tengdan landbúnaði 69 Hagskýrslur um fiskveiðar 70 Sjálfbær þróun

XV. BÁLKUR

Samevrópsk netkerfi

Ekki er þörf á beinni hagskýrsluáætlun. Tölulegar upplýsingar í tengslum við þennan bálk eru leiddar af gögnum og vísum sem unnin eru í tengslum við aðra báلكa í áætluninni.

Stefnumiðuð hagskýrsluþörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna

<i>Báلكur sáttmálans</i>	<i>Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna</i>
XV. BÁLKUR SAMEVRÓPSK NETKERFI	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	48 Flutningar 49 Upplýsingasamfélagið
Önnur mikilvæg viðbótarstarfssvið	45 Orka 53 Vöruviðskipti 61 Landnotkun og landmótun 71 Umhverfihagskýrslur 72 Svæðisbundnar hagskýrslur 73 Vísindi og tækni 74 Landfræðilegar og staðbundnar upplýsingar

XVI. BÁLKUR

Iðnaður*Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar*

Í vinnu við hagskýrslugerð á sviði iðnaðar í víðasta skilningi þess orðs (þ.m.t. einkum byggingarstarfsemi, þjónusta, orka og landbúnaðarafurðir) verður aðaláherslan lögð á stuðning við stefnur sem eru ákvarðaðar á grundvelli Amsterdam-sáttmálans og á ýmsum fundum leiðtoga ráðsins sem haldnir hafa verið í kjölfarið (einkum í Lissabon í mars 2000). Þessi þróun er einkum fyrirhuguð á sviðum hnattvæðingar, innra og ytra skipulags fyrirtækja (og framleiðsluferfis í víðari skilningi) svo og samstarfs fyrirtækja, framtaks og stjórnunarháttá, eftirspurnar og loks atvinnu og mannaúðs.

Framkvæmd mismunandi reglugerða um hagskýrslur um fyrirtæki mun njóta forgangs. Sérstök áhersla verður lögð á gæði niðurstaðna.

Komið verður á fót áætlun um þróun hagskýrslna um fyrirtæki í nánú samstarfi við innlend hagskýrslukerfi í því skyni að fylgja skipulagsbreytingum í iðnaði. Þessi þróun mun ná yfir aðlögun gildandi reglugerða, svo og stuðning við helstu stefnur í Evrópu, einkum að því er varðar einn óskiptan markað, stækkunina, efnahags- og peningamálástefnuna, upplýsingasamfélagið og atvinnumál, enn fremur stuðning við grunnhagvísa sem eru til grundvallar ársskýrslu Sambandsins.

Hagstofa Evrópubandalaganna mun kanna í samstarfi við aðildarríkin möguleikana á hámarkshagræðingu í söfnunar- aðferðum aðildarríkjanna, svo og samvinnu þeirra í því skyni að draga úr fyrirhöfn fyrirtækja eftir því sem unnt er. Gripið verður til sérstakra aðgerða til að bæta greiningu á einum óskiptum markaði með tölfræðilegum tækjum, sem þegar liggja fyrir eða hafa enn ekki verið þróuð, einkum vöruskrá EB (og sambærilegri þróun á sviði þjónustu).

Orka

Á sviði hagskýrslna um orkumál verður unnið að því að bæta orkujöfmuð, einkum á sviði orkunotkunar, til að bregðast betur við kröfum sem settar eru í tengslum við eftirlitskerfi með losun gróðurhúsalofttegunda. Núgildandi kerfi verður rýmkað til að bregðast betur við málefnum sem varða sjálfbæra þróun (orkunýtni, samhlíða framleiðsla rafmagns og hita, endurnýjanlegir orkugjafar) og verður árangri af samkeppni á frjálsum markaði og áhrif hennar á neytendur og orkuiðnaðinn fylgt eftir.

Samantekt

Á fimm ára áætlunartímabilinu mun fara fram vinna á eftirfarandi sviðum til að:

- bæta kerfið til þróunar hagskýrslna um skipulag fyrirtækja á grundvelli pólitískra þarfa og til að unnt sé að bregðast skjótt við breytilegum þáttum eins og umhverfi, stefnum og notendum,
- keppa að því að viðhalda nauðsynlegu grunnvirki eins og fyrirtækjaskrá og -flokunum,
- leggja sérstaka áherslu á gæðamat og bætt gögn.

Stefnumiðuð hagskýrslubörð og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna

<i>Báلكur sáttmálans</i>	<i>Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna</i>
XVI. BÁLKUR IÐNAÐUR	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflöks	44 Hagskýrslur um atvinnustarfsemi fyrirtækja 45 Orka 66 Hagskýrslur um iðnað tengdan landbúnaði
Önnur mikilvæg viðbótarstarfssvið	49 Upplýsingasamfélagið 51 Fyrirtækjaskrár 53 Vöruviðskipti 70 Sjálfbær þróun 71 Umhverfihagskýrslur

XVII. BÁLKUR

Efnahagsleg og félagsleg samheldni*Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar*

Leiðrétting félagslegs ójafnvægis og ójafnvægis milli svæða er einn lykilþáttanna í uppbyggingu Evrópusambandsins. Hún er helsta markmið þróunarsjóðanna. Frá umbótunum 1988 hefur framkvæmdastjórnin komið á samþættri stefnu á sviði félagslegrar og efnahagslegrar samheldni þar sem svæðisbundnar hagskýrslur gegna mikilvægu hlutverki í framkvæmdarferli ákvarðana: svæði sem eiga rétt á stuðningi samkvæmt svæðamarkmiðum eru skilgreind á grundvelli félagshagfræðilegra viðmiðana með tilliti til tiltekinna viðmunarmarka og fjáruhlutun til aðildarríkjanna er ákveðin hlutlægt á grundvelli vísa fyrir hagskýrslur. Að auki er mat á svæðisbundnum áhrifum stefna Bandalagsins og mæling á mismæmi milli svæða einungis möguleg ef viðtækar svæðisbundnar hagskýrslur eru aðgengilegar.

Matsskýrslur sem framkvæmdastjórnin leggur reglulega fram (skýrsla um félagslega og efnahagslega samheldni⁽¹⁾) um félagshagfræðilega þróun á svæðunum kalla á verulegt magn tölulegra upplýsinga. Leggja skal sérstaka áherslu á málefni þéttbýlis þar sem þeir sem taka pólitískar ákvarðanir fara í auknum mæli fram á mat á lífsgæðum í evrópskum borgum. Þeir þurfa samanburðarhæf gögn um alla bæi og borgir ESB til að byggja framtíðaraðgerðir sínar á. Í orðsendingum framkvæmdastjórnarinnar frá árinu 1997 (þéttbýlisáætlun Evrópusambandsins) og 1998 (Sjálfbært þéttbýlisskipulag í Evrópusambandinu: aðgerðarammi) var einkum lögð áhersla á þörfina fyrir samanburðarhæfar upplýsingar.

Vinnan sem ráðist verður í innan ramma hagskýrsluáætlunarinnar fyrir tímabilið 2003 til 2007 mun því vera að miklu leyti metin út frá svæðastefnu Bandalagsins innan Evrópusambandsins eftir stækkun þess og nýju áætlunartímabili þróunarsjóðanna. Áætlað er að framkvæmdastjórnin samþykki þriðju skýrsluna um samheldni snemma árs 2004 en ályktanir hennar koma til framkvæmda (sem drög að reglugerðum) á þeim tíma sem eftir er af því ári. Meðal þeirra upplýsinga, sem gerð er krafa um, eru mannfjöldaspár á svæðisvísu og svæðisbundin lýðfræðigögn.

⁽¹⁾ Sjá „Eining, samstaða og fjölbreytni meðal íbúa Evrópu og á evrópsku yfirráðasvæði“, önnur skýrsla um efnahagslega og félagslega samheldni, framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, janúar 2001.

Landfræðilegar upplýsingar

Fjöldi deilda framkvæmdastjórnarinnar notar landfræðileg upplýsingakerfi við mótun, framkvæmd og mat á þeim stefnum sem þær bera ábyrgð á. Þessi þróun verður sífelld skýrari á næstu árum eftir því sem tækni fleygir fram og gögn verða aðgengilegri. Framtaksverkefni um evrópskt grunnvirki staðgagna munu hafa í för með sér ný viðfangsefni á þessu sviði. Hagstofa Evrópubandalaganna verður, sem stjórnandi tilvísunargagngrunnis framkvæmdastjórnarinnar, að takast á við þessi viðfangsefni.

Samantekt

Á fimm ára tímabilinu mun fara fram vinna á eftirfarandi sviðum til að:

- koma til framkvæmda hagskýrsluvísam sem gerð er krafa um fyrir næsta áfanga þróunarsjóðanna,
- leggja fram nauðsynleg gögn fyrir skýrsluna um samheldni og styðja tillögur framkvæmdastjórnarinnar varðandi þróunarsjóðina eftir árið 2006,
- samþætta frekar notkun landfræðilegra upplýsingakerfa við stjórnun stefnumála.

Stefnumiðuð hagskýrsluþörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna

<i>Bálkur sáttmálans</i>	<i>Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna</i>
XVII. BÁLKUR EFNAHAGSLEG OG FÉLAGSLEG SAMHELDNI	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	55 Verðlag 72 Svæðisbundnar hagskýrslur 74 Landfræðilegar og staðbundnar upplýsingar
Önnur mikilvæg viðbótarstarfssvið	31 Mannfjöldi 32 Vinnumarkaðurinn 40 Ársreikningar yfir þjóðarbúskapinn 44 Hagskýrslur um atvinnustarfsemi fyrirtækja 50 Ferðaþjónusta 63 Hagstærðir í landbúnaði 71 Umhverfishagskýrslur

XVIII. BÁLKUR

Rannsóknir og tækniþróun***Hagskýrslur um vísindi, tækni og nýjungar****Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar*

Heildarmarkmiðið með stefnu Bandalagsins á sviði rannsókna og tækniþróunar er að efla vísinda- og tæknigrundvöll evrópsks efnahagskerfis og auka samkeppnishæfni þess á alþjóðavettvangi. Á fundi sínum í Lissabon árið 2000 setti leiðtogaráðið fram skýrt skipulagsmarkmið í Evrópu fyrir næsta áratug. Mæling á samræmdu ílagi, afrakstri og félagshagfræðilegum áhrifum hagkerfis sem grundvallast á þekkingu mun áfram njóta forgangs í evrópsku rannsóknar-áætluninni eins og kemur skýrt fram í umræðunni um evrópska rannsóknarsvæðið.

Allar nýjar stefnur á sviði rannsókna, tækni og nýjunga hafa kallað á að gögn séu gerð tímanlega og þau samræmd en semja þarf um söfnun þeirra við aðildarríkin og Hagstofa Evrópubandalaganna þarf að samræma hana. Til að unnt sé að uppfæra árlega vísa fyrir bæði framtaksverkefni verða kannanir að fara oftar fram í aðildarríkjunum jafnframt því sem gæði þeirra verða aukin. Þróa ber möguleikann á gerð hagskýrslna um mannauð á sviði rannsókna og tækni, sem eru sundurliðaðar eftir kyni, til að stefnumótendur fái nauðsynleg gögn til að meta skilvirgni tengdra stefna Bandalagsins.

Samantekt

Á næstu fimm árum verður lögð megináhersla á:

- að auka gæði fyrirleggjandi vísa og vinna áfram að hugmyndavinnu fyrir gerð og frekari þróun nýrra vísa til viðmiðunar fyrir stefnur aðildarríkjanna á sviði rannsókna og nýjunga, einkum til að mæla mannauð á sviði rannsókna og þróunar og hreyfanleika hans,
- að þróa frekar hagskýrslur um rannsóknir, tækni, þróun og nýjungar með skírskotun til evrópska rannsóknasvæðisins, einkum til að þróa fræðilegan ramma fyrir tíðari hagskýrslur um rannsóknir, tækni, þróun og nýjungar,

- að þróa almennan ramma til mælinga á þekkingarsamfélaginu,
- að mæla tækniþróun með samræmdum hagskýrslum um einkaleyfi,
- að sameina umsóknarlöndin innan heildarrammans fyrir þróun samræmdra og sambærilegra hagskýrslna um rannsóknir, tækni, þróun og nýjungar.

Rannsóknir á sviði hagskýrslna

Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar

Einn liður í stefnu Bandalagsins á sviði rannsókna og þróunar er að stuðla að rannsóknarstarfsemi, sem styður við stefnur þess. Í ýmsum rammaáætlunum (þ.m.t. í drögum að sjöttu rammaáætluninni) hafa opinberar hagskýrslur verið skilgreindar sem eitt af þeim sviðum þar sem hafin verður rannsókn- og þróunarstarfsemi á vettvangi Bandalagsins.

Aukin notkun hagskýrslna við pólitíska ákvarðanatöku á síðari hluta tíunda áratugarins hefur haft í för með sér eftirspurn eftir nákvæmari og sambærilegri hagskýrslum, einkum að því er varðar skammtímavísa til að hafa eftirlit með þróun eins óskipts markaðar og myntbandalagsins. Fyrirsjáanleg stækkun Evrópusambandsins eykur nauðsyn þess að hafa greiðan aðgang að slíkum upplýsingum.

Samhliða þessu fylgja tækninni nýir möguleikar til gagnasöfnunar og miðlunar hagskýrslna. Jafnframt kvarta svarendur (fyrirtæki og einstaklingar) yfir fyrirhöfninni og krefjast þess að dregið verði úr henni með meiri sjálfvirkni og betri nýtingu fyrirbyggjandi upplýsinga. Rannsóknir og þróun á sviði hagskýrslugerðar eru mikilvægur Evrópuþáttur vegna þess að hagskýrslugerð er alþjóðleg í eðli sínu en aðeins fá aðildarríki hefðu bolmagn til þess á eigin vegum. Þetta hefur, ásamt aukinni áherslu á kostnaðar- og ábatagreiningu hagskýrslna, í för með sér nýjar kröfur um gerð evrópskra hagskýrslna. Tölfræðingar hjá hinu opinbera í Evrópu verða því að endurskoða verklagsreglur sem nú eru notaðar við söfnun og samantekt hagskýrslna um sífellt fleiri fyrirbæri.

Með þessum kröfum er lögd áhersla á mikilvægi þess að nota fyrirbyggjandi gagnaheimildir við hagskýrslugerð til ítarlegri tölfræðilegrar greiningar. Þetta hefur í för með sér að þróa verður aðferðir og tæki sem styðja sameiginlega notkun gagna (t.d. úr stjórnsýslugögnnum og úrtakskönnunum eða hagtölum skemmra tímabils en árs og grunnhagtölum.

Samantekt

Á næstu fimm árum munu aðgerðir beinast að:

- þróun nýrra tækja og aðferða við að taka saman opinberar hagtölur,
- meiri hugmyndavinnu og þróun hagskýrslna til að mæla nýtilkomin félagshagfræðileg fyrirbæri,
- miðlun tækni og þekkingar innan evrópska hagskýrslukerfisins,
- auknum gæðum hagskýrslugerðarferlisins og sjálfra hagskýrslnanna.

Stefnumiðuð hagskýrsluþörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna

<i>Bálgur sáttmálans</i>	<i>Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna</i>
XVIII. BÁLKUR RANNSÓKNIR OG TÆKNIÞRÓUN	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflökks	22 Hagskýrslurannsóknir og aðferðafræði við hagskýrslugerð
Önnur mikilvæg viðbótarstarfssvið	73 Vísindi og tækni
	44 Hagskýrslur um atvinnustarfsemi fyrirtækja
	49 Upplýsingasamfélagið

XIX. BÁLKUR

Umhverfismál

Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar

Meginmarkmið hagskýrslna um umhverfismál er að þær séu skilvirkir verkfæri til framkvæmdar og mats á umhverfisstefnu Evrópusambandsins. Helstu forgangsáðgerðir í umhverfismálum falla undir sjöttu aðgerðaáætlun á sviði umhverfismála, áætlunina um sjálfbæra þróun og Cardiff-áætlunina um samþættingu umhverfismála við stefnur á öðrum sviðum.

Í tillögu framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna að sjöttu aðgerðaáætluninni á sviði umhverfismála, „Umhverfið 2010: Okkar framtíð, okkar val“, eru forgangssvið umhverfishagskýrslna tilgreind. Í nýju áætluninni eru tilgreindir fjórir aðal málaflokkar: loftslagsbreytingar, náttúra og líffræðileg fjölbreytni, umhverfi og heilsa og lífsgæði, náttúruauðlindir og úrgangur. Þar er lögð áhersla á nauðsyn þess að fella áfram umhverfissjónarmið inn í alla viðeigandi málaflokka og að tryggja borgurum betri og aðgengilegri upplýsingar um umhverfið. Einnig ber að þróa umhverfismeðvitaðra viðhorf gagnvart landnotkun.

Á fundi leiðtogaáráðsins í Gautaborg í júní 2001 var samþykkt áætlun fyrir ESB um sjálfbæra þróun. Áætlunin byggist á fjórum þeimum (loftslagsbreytingar, flutningar, heilsa og náttúruauðlindir) og verður haft eftirlit með henni árlega. Áætlunin mun að miklu leyti hafa áhrif á þörfina fyrir hagskýrslur um umhverfismál en sjálfbærni þátturinn mun einnig hafa áhrif á hagskýrslur um efnahags- og félagsmál. Til að mæla framfarir, verður sjálfbærni þróun bætt við skrána yfir grunnhagvísa fyrir samantektarskýrsluna og kynnt árlega á vörfundi leiðtogaáráðsins, frá og með árinu 2002.

Á fundi leiðtogaáráðsins í Gautaborg var einnig auglýst eftir áætlun um þátt annarra í sjálfbærni þróun og búist er við að allsherjarframkvæmdaáætlun verði samþykkt með tilliti til fundar æðstu ráðamanna Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra orku.

Að því er varðar þann hluta hagskýrsluáætlunarinnar sem fjallar um umhverfismál bendir aðgerðaáætlunin og áætlunin um sjálfbæra þróun til þess að rétt sé að halda áfram starfi á núverandi starfssviðum en einnig að þau skuli rýmkuð og aðlöguð. Helstu markmið hagskýrsluáætlunarinnar munu áfram beinast að hagskýrslum sem tengjast náð félagshagfræðilegum hagskýrslum, eins og álagi á umhverfið af völdum aðgerða manna og viðbrögðum fulltrúa samfélagsins. Þörf er á frekari vinnu til að hagskýrslur nái að sýna víxlverkunina milli félagslegrar, efnahagslegrar og umhverfislegrar þróunar. Áætlunin hefur verið hönnuð þannig að hún uppfylli þörf fyrir hagskýrslur, ásamt upplýsingum frá Umhverfisstofnun Evrópu um umhverfismál og munu starfssvið áfram vera til fyllingar hvort öðru.

Samþætting umhverfisþátta við stefnur á öðrum sviðum er mjög mikilvægur liður í sjálfbærni þróun en verulegur árangur hefur einungis náðst á þremur sviðum af níu (í flutningum, landbúnaði og orkumálum). Áfram verður unnið að því að samræma þátt umhverfismála í hagskýrslum Bandalagsins að fullu viðeigandi félagshagfræðilegum hagskýrslum svo að þær geti gegnt hlutverki sínu sem verkfæri fyrir slíka samþættingu stefna. Verulega hefur miðað áleiðis á undanföllum árum að því er varðar samantekt nokkurra viðeigandi hagskýrslna. Samsvarandi aðgerðir eru einnig nauðsynlegar í öðrum stefnumálum. Leggja skal mikla áherslu á vísa um líffræðilega fjölbreytni, nýtingu eða umfang nýtingar auðlinda og eiturefni og áhrif þeirra á heilsu manna. Verið er að bæta hagskýrslur um landnotkun með gerð hagskýrslna um landmótun. Hagskýrslur um fiskveiðar verða mikilvægur liður í því að sýna þróun þessara takmörkuðu auðlinda (sjá II. bálk). Samanlagðir vísar þar sem notaðar eru hagskýrslur um framleiðslu og viðskipti geta stuðlað að lýsingu á því hversu háð samfélagið er iðefnum. Einnig þarf að bæta umhverfisþætti við hagskýrslur um félagsmál í því skyni að endurspeglar neyslumynstur og möguleg heilsufarsleg áhrif frá mengun og iðefnanotkun.

Framkvæmd reglugerðarinnar um hagskýrslur um úrgang verður meginverkefni. Nýjar stefnur þar sem úrgangur er tengdur auðlindastjórnun kalla á hagskýrsluáætlunir til að lýsa flæði efnis, nýtingu auðlinda, úrgangi, endurnotkun og umhverfisskilvirkni á samræmdan hátt. Framkvæmd rammtilskipunarinnar um vatn kallar á hagskýrslugrunn og betri samhæfingu hagskýrslna um vatn. Styrkari lagagrunnur fyrir slíkar hagskýrslur er nauðsynlegur. Hagskýrslugrunnur til framkvæmdar tilskipun um samþættrar mengunarvarnir og eftirlit með mengun er mikilvægur til að tryggja samanburðarhæfi við hagskýrslur um fyrirtæki. Meginverkefni verður að endurskoða kvöð um skýrslugjöf og samhæfa skýrslugjöf um hagskýrslur og skýrslur um uppfyllingu krafna.

Einnig hafa verið þróaðir umhverfisreikningar sem tengjast þjóðhagsreikningum. Slíkir reikningar eru nauðsynlegur grunnur fyrir umhverfisgreiningu og þróun umfangsmeiri líkana yfir samspilið milli efnahagslífs og umhverfis. Þeir verða aðlagaðir frekar og rýmkaðir þannig að þeir verði nauðsynlegt tölfræðilegt tæki til greiningar á sjálfbærni þróun.

Samantekt

Á næstu fimm árum verður lögð megináhersla á:

- að bæta grunnhagskýrslur um umhverfismál, einkum hagskýrslur um úrgang, vatn og útgjöld til umhverfismála, þar sem lögð verður áhersla á nauðsynlegar hagskýrslur fyrir vísa um umhverfismál og að setja nauðsynleg lög um slíkar hagskýrslur,
- gerð auðskiljanlegra vísa um umhverfismál og sjálfbærni í samvinnu við aðrar þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar og Umhverfisstofnun Evrópu,
- að vinna áfram að gerð umhverfisþátta félagshagfræðilegra hagskýrslna með það að markmiði að bregðast við þörfum í tengslum við vísa um samþættingu málefna í tengslum við umhverfi og sjálfbærni við aðrar stefnur,

- að vinna áfram að því að bæta umhverfisþætti við þjóðhagsreikninga með reglulegri gerð umhverfisreikninga og að aðlaga þá að forgangsmálum sem varða sjálfbæri,
- að taka þátt í endurskoðun á kvöð um skýrslugjöf og halda áfram náinni samvinnu við Umhverfisstofnun Evrópu með samræmdum aðgerðum og þannig að gagnasöfnun beggja stofnananna komi til fyllingar hvor annarri,
- að auka gagnasöfnun og greiningu á sjálfbærri þróun á hnattræna vísu.

Stefnumiðuð hagskýrsluþörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna

<i>Bálgur sáttmálans</i>	<i>Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna</i>
XIX. BÁLKUR UMHVERFISMÁL	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	45 Orka 65 Búfjárrækt 70 Sjálfbær þróun 71 Umhverfihagskýrslur 74 Landfræðilegar og staðbundnar upplýsingar
Önnur mikilvæg viðbótarstarfssvið	35 Heilsa og öryggi 39 Neytendavernd 44 Hagskýrslur um atvinnustarfsemi fyrirtækja 48 Flutningar 50 Ferðaþjónusta 61 Landnotkun og landmótun 62 Nýting bújarða 64 Jarðrækt 67 Samræming og umbætur á landbúnaðarhagskýrslum 68 Hagskýrslur um skógrækt 69 Hagskýrslur um fiskveiðar 72 Svæðisbundnar hagskýrslur

XX. BÁLKUR

Þróunarsamvinna (og aðrar aðgerðir í samskiptum við önnur ríki)

Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar

Heildarmarkmiðið er að styðja stefnu ESB um samskipti við önnur ríki með því að veita viðeigandi og hnitmiðaða tækniaðstoð á sviði hagskýrslugerðar til að auka afköst þeirra landa sem njóta aðstoðar ESB við hagskýrslugerð. Í framtíðaráætluninni er þó viðurkennt að þörf er á aðlögun til að bregðast við breytingum á stefnu ESB.

Endurspeglun stefnu ESB í samstarfi um hagskýrslugerð

Mikilvægasta stefnubreytingin er aukin og bein áhersla í þróunarstefnu EB á að draga úr fátækt, einkum í ríkjum Afríku, Karíbahafsins og Kyrrahafsins. Af þeim sökum mun samvinna í hagskýrslugerð í auknum mæli beinast að því að auka mælingar og eftirlit með fátækt og mun þetta hafa í för með sér aukna starfsemi, einkum á sviði félagslegra hagskýrslna. Á sama hátt verður aðalskrifstofum þróunarmála og samskipta við önnur ríki og þróunaraðstoð Evrópu veitt tæknileg ráðgjöf og stuðningur í tengslum við mælingu á þeim áhrifum sem þróunaráætlanir EB hafa á fátækt.

Áfram verður lögð áhersla á svæðisbundna samvinnu í áætluninni, sem endurspeglar aukna viðleitni landanna sjálfra til að styrkja eigið svæðisbundið skipulag. Sviðin sem stuðningurinn mun ná til eru m.a. marghliða eftirlit, umbætur á þjóðhagsreikningum, hagskýrslur um verðlag og landbúnaðarhagskýrslur, utanríkisverslun, hagskýrslur um fyrirtæki og þjálfun í hagskýrslugerð.

Aðalmarkmiðið með samvinnu við Miðjarðarhafs löndin 12, sem eru samstarfsaðilar, er að styrkja innlend hagskýrsluferfi með því að styrkja stofnanir og tengsl milli stofnana. Stuðlað verður að samræmingu hagskýrslna, hagskýrslugerð og bættum aðgangi notenda að gögnum til að veita traustan grunn fyrir pólitíska ákvarðanatöku og góða stjórnunarhætti. Að félagshagfræðilegum hagskýrslum frátöldum eru forgangssviðin fólksflutningar, ferðaþjónusta og umhverfismál.

Samstarf ESB og nýfrjálsu ríkjanna á sviði hagskýrslugerðar beinist að því að styðja við og fylgjast með efnahagssamvinnu og endurbótastarfi, jafnframt því að ýta undir markaðsbúskap. Efnahagslegar hagskýrslur og hagskýrslur um utanríkisverslun gegna lykilhlutverki.

Hagstofa Evrópubandalaganna mun halda áfram og efla þá viðleitni sína að auka samstarf meðal þeirra sem veita framlög (þ.e. tvíhliða og marghliða framlög). Því mun Hagstofa Evrópubandalaganna styðja starf, einkum í tengslum við þróunaraðstoðarnefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar, Sameinuðu þjóðirnar og Alþjóðabankann, við að meta þau áhrif sem þróunarsamvinna hefur á það að ná þúsaldarmarkmiðum í þróunarmálum sem voru samþykkt á þúsaldarfundi Sameinuðu þjóðanna árið 2000. Hún mun því gegna virku hlutverki í framtaksverkefnum PARIS 21 og í löndunum á Balkanskaganum. Einkum mun, í tæknisamstarfi, lögð áhersla á mikilvægi notenda og að efla gildi áætlana til margra ára.

Ráðist verður í nýsköpunarstarf með það að markmiði að þróa nálganir og aðferðir til að mæla og hafa eftirlit með mannréttindum og góðum stjórnunarháttum.

Samantekt

Á fimm ára tímabilinu mun vinnan einkum beinast að því:

- að veita tækniástoð á sviði hagskýrslugerðar til að auka afköst þeirra landa sem njóta aðstoðar ESB,
- að leggja meiri áherslu á að efla mælingu og eftirlit með fátækt,
- að þróa nálganir og aðferðir til að mæla og hafa eftirlit með mannréttindum og góðum stjórnunarháttum.

Stefnumiðuð hagskýrsluþörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna

<i>Bálgur sáttmálans</i>	<i>Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna</i>
XX. BÁLKUR ÞRÓUNARSAMVINNA	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflökks	21 Samvinna við önnur þriðju lönd um hagskýrslur

II. VIÐAUKI

Fimm ára hagskýrsluáætlun fyrir tímabilið 2003 til 2007: starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna

Kafli (undirstarfsemi)	Svið (aðgerð)
I. Grundvöllur fyrir hagskýrslugerð, tæknilegt grunnvirki	10 Gæðastjórnun og -mat
	11 Flokkun
	12 Þjálfun í hagskýrslugerð
	13 Grunnvirki upplýsingatækni og þjónusta við Hagstofu Evrópubandalaganna
	14 Stöðlun á upplýsingatækni og samstarfsgrunnvirki fyrir evrópska hagskýrslukerfið
	15 Tilvísunargagnasafn og geymsla lýsigagna
	16 Upplýsingar
	17 Miðlun
	18 Samræming hagskýrslna
	19 Samvinna við umsóknarlöndin um hagskýrslur
	21 Samvinna við önnur þriðju lönd um hagskýrslur
	22 Hagskýrslurannsóknir og aðferðafræði við hagskýrslugerð
	25 Öryggi gagna og trúnaðarkvaðir í hagskýrslum
	II. Lýðfræðilegar og félagslegar hagskýrslur
32 Vinnumarkaðurinn	
33 Menntun	
34 Menning	
35 Heilsa og öryggi	
36 Tekjudreifing og lífskjör	
37 Félagsleg vernd	
38 Önnur vinna á sviði lýðfræðilegra og félagslegra hagskýrslna	
39 Neytendavernd	
III.	
III.A. Þjóðhagslegar hagskýrslur	40 Ársreikningar yfir þjóðarbúskapinn
	41 Ársfjórðungsreikningar
	42 Fjárhagsreikningar
	43 Eftirlit með eigin tekjum
	55 Verðlag
	57 Hagskýrslur fyrir hagsveifflugreiningu
III.B. Hagskýrslur um fyrirtæki	44 Hagskýrslur um atvinnustarfsemi fyrirtækja
	45 Orka
	48 Flutningar
	49 Upplýsingasamfélagið
	50 Ferðaþjónusta
	51 Fyrirtækjaskrár
III.C. Hagskýrslur um peningamál, fjármál, viðskipti og greiðsluöfnuð	52 Peningar og fjármál
	53 Vöruviðskipti
	54 Þjónustuviðskipti og greiðsluöfnuður
IV. Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	61 Landnotkun og landmótun
	62 Nýting bújarða
	63 Hagstærðir í landbúnaði
	64 Jarðrækt
	65 Búfjárrækt
	66 Hagskýrslur um iðnað tengdan landbúnaði
	67 Samræming og umbætur á hagskýrslum um landbúnað
	68 Hagskýrslur um skógrækt
	69 Hagskýrslur um fiskveiðar

Kafli (undirstarfsemi)	Svið (aðgerð)
V. Hagskýrslur á ýmsum sviðum	70 Sjálfbær þróun 71 Umhverfishagskýrslur 72 Svæðisbundnar hagskýrslur 73 Vísindi og tækni 74 Landfræðilegar og staðbundnar upplýsingar
VII. Tilföng stjórnun	91 Alþjóðasamskipti og samskipti milli stofnana 92 Stjórnun og hagskýrsluáætlanir 93 Stjórnun mannaúðs 94 Fjármálastjórnun 95 Umsjón með lagastoð 96 Endurskoðun 97 Almenn stjórnsýsla 99 Dreifstýrð stjórnun